

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 30. apríl 2013 í máli nr. S-1/2012:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 5. janúar 2012 á hendur ákærða, X., kt. ..., ... á Málið var dómtekið 3. apríl 2013.

Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni, A..., fæddri ..., framin á tímabilinu frá maí til júlí á árinu 2011, að ..., ..., er telpan var 10 ára að aldri, með því að hafa ítrekað látið telpuna afklæðast, í fjögur aðgreind skipti látið hana sjúga á sér kynfærin uns hann hafði sáðlát í munn hennar, í þrjú aðgreind skipti sleikt á henni kynfærin, í eitt skipti reynt að hafa við hana endaparmsmök með því að smyrja endaparminn með vökva eða sleipiefni, leggja kynfærin upp að beru endaparmsopi hennar og reynt að stinga þeim þar inn, og með því að hafa að minnsta kosti í tvö aðgreind skipti þreifað með höndunum á berum brjóstum hennar og jafnframt að hafa þá og í nokkur önnur skipti á sama ári spurt hana hvort brjóstin á henni væru að stækka.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. og 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992 og 4. gr. laga nr. 40/2003 og 9. og 11. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B..., kt. ..., vegna ólögráða dóttur hennar, A..., kt. ..., er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 1.800.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 1. júlí 2011 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi og að sakarkostnaður, þ.m.t.

málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta var dæmt í héraði hinn 28. mars 2012 en með dómi Hæstaréttar hinn 6. júní var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim hérað. Sagði í dóminum að auk annars væri til þess að líta að mynddiskur, sem verjandi hafði óskað eftir að leggja fram í þinghaldi 28. mars 2012, hafi verið mynddiskur með upptöku af því að brotapolí hafi lýst yfir að ákærði hefði ekki framið þann verknað, sem hún hafði borið á hann í skýrslu sem hún gaf fyrir dómi í Barnahúsi 30. nóvember 2011, en upptaka þessi virðist hafa verið gerð að kvöldi 27. mars 2012. Að þessu fram komnu hafi verið tilefni til að brotapolí yrði kvödd fyrir dóm til frekari skýrslugjafar og dómurinn gæfi sakflytjendum eftir atvikum kost á að afla matsgerðar dómkvaddis manns um þroska og heilbrigðisástand brotapolans áður en dómur yrði felldur á málið.

Í þinghaldi 22. júní 2012 krafðist verjandi þess að dómendur vikju sæti vagna vanhæfis. Með úrskurði dómsins hinn 26. júní var kröfu þessari hafnað og með dómi hæstaréttar hinn var úrskurðurinn staðfestur.

Í þinghaldi hinn 11. september 2012 voru þau Bertrand Lauth barnageðlæknir og Anna Newton kvödd af dómara, að fram kominni beiðni saksóknara, þar sem þess var beiðst:

1. Að framkvæmt verði mat á þroska og líðan stúlkunnar A..., kt. ... og að metin verði tengsl hennar við foreldra sín, X..., kt. ... og B..., kt.
2. Að lagt verði mat á hvort fyrir hendi séu aðstæður sem eru til þess fallnar að rýra sönnunargildi framburðar hennar.
3. Að dómkvaddir veðri tveir óvilhallir matsmenn til að framkvæma matið.

Þá segir að úrlausnarefni matsmanna sé eftirfarandi:

1. Lagt verði mat á þroska og heilbrigðisástand stúlkunnar. Lagt verði mat á andlega líðan hennar nú með hliðsjón af atvikum þeim sem tengjast rekstri sakamálsins gegn föður hennar og vistunar hennar utan heimilis í tengslum við það.
2. Lagt verði mat á tengsl stúlkunnar við foreldra hennar sem og viðhorf hennar til þeirra.
3. Lagt verði mat á það hvort fyrir hendi séu aðstæður sem eru til þess fallnar að rýra sönnunargildi framburðar hennar.

Í matsgerð Önnu Kristínar Newton, sem gerði sálfræðilega athugun á þroska og andlegu ástandi A... auk þess að leggja mat á tengsl hennar við foreldra og mat á framburði hennar segir m.a:

„Matið byggist á:

1. Fjórum viðtölum við A... sem fram fóru á skrifstofu undirritaðrar í Hafnarfirði dagana 31/10, 8/11, 12/11 og 21/11 2012 alls um 10 klukkustundir.
2. Samtöl við móður A..., B..., sem fram fóru á skrifstofu undirritaðrar dagana 8/11 og 21/11 2012.
3. Niðurstöðum sálfræðilegra prófa og matslista sem lögð voru fyrir A... áður nefnda daga vegna skýrslu þessarar.
4. Málskjölum sem ríkissaksóknari veitti undirritaðri aðgang að.

Í lok skýrslu hennar segir:

„Vegna þess hversu langt er um liðið síðan meint kynferðisbrot áttu sér stað og með afleiðingarnar fyrir A... af því að segja frá í huga og það tilfinningalega álag sem þetta hefur haft í för með sér er ekki erfitt að greina hvers vegna A... líður ekki nægilega vel. Hinsvegar er erfiðara að meta hvort að A... líður illa yfir því að hafa borið rangar sakir á föður sinn sem kom af stað erfiðu ferli sem hefur haft afgerandi áhrif á líf hennar og fjölskyldu eða hvort henni líði illa vegna þess að hún dró réttan framburð tilbaka og er nú að tala gegn sinni eigin upplifun. Með hliðsjón af rannsóknnum á framburði í kynferðisbrotamálum, viðtölum, málgögnum og sálfræðiprófum, er það mat undirritaðrar að frásögn A... um meint brot föður séu trúverðug. A... er mun sefnæmari en jafnaldrar hennar og hefur tilhneigingu til að vera þóknunargjörn, skýringar hennar á því af hverju hún hafi upphaflega borið föður sinn sökum virðast oft ófullnægjandi og órökréttar. Þá er einnig hægt að sjá merki þess að aðstæður A... hafa verið til þess fallnar að auka líkur á að framburður sé dregin tilbaka eins og hefur verið rakið hér að ofan.“

Hinn matsaðilinn, Bertrand Lauth barnageðlæknir, lagði fram sínar eigin niðurstöður um tengsl móður og dóttur sem og geðmat.

Í samantekt við lok skýrslu Bernards Lauth segir:

„Þegar tekið er tillit til allra upplýsinga sem liggja fyrir, s.s.:

- upplýsingar úr þroskasögunni, úr foreldra- og kennaramatslistum,
- upplýsingar úr K-SADS greiningarviðtölum við móður og stúlkuna,
- niðurstöður sálfræðiprófa sem lögð voru fyrir A... í nóvember 2012 af Önnu Newton, sálfræðingi

er ljóst að A... hefur glímt við ADHD á unga aldri. Hinsvegar hefur mikið dregið úr alvarleika og áhrifum einkenna á grunnskólaaldri og þessir erfiðleikar eru í dag ekki nægilega alvarlegir til að gefa tilefni til meðferðar.

Einnig er ljóst að stúlkan hefur alla tíð glímt við hegðunarerfiðleika eins og tilhneigingu til að ljúga, stela og óvirða reglur, en þessir erfiðleikar eru undir greiningarviðmiðum.

Að öðru leyti hefur A... sýnt tilfinningaerfiðleika með streitueinkenni og aðlögunarerfiðleika í tengslum við erfiða atburði eins og að þurfa að vera skyndilega vistuð í föstri í janúar 2011.

Að auki hefur stúlkan upplifað mikla höfnun og fordóma í sínu félagslegu umhverfi og í hópi jafnaldra.

Upplýsingar úr þroskasögunni og erfiðleikar hjá stúlkunni benda einnig til þess að tengslaröskunareinkenni höfðu verið til staðar á ungum aldri, s.s. röskun á þeim hæfileika að mynda gagnkvæmt, náð og traust samband.

Samkvæmt upplýsingum frá móður kemur fram að stúlkan hefur haft áhuga á kynhegðun frá unga aldri (að minnsta kosti frá 6 ára aldri).

Samkvæmt upplýsingum frá A... kemur fram að hún hafi séð nokkrum sinnum föður sinn horfa á klámmyndir.

Margt bendir til þess að A... hafi í dag byggt upp nánari tengsl við móður sína og sýnir henni traust og virðingu sem aðaluppalanda. A... hefur líka áhyggjur af líðan og stöðu móður sinnar og hana langar til þess að sjá foreldra sína sameinast á ný. Það er mat undirritaðs að hún sýni eðlileg tilfinningaleg viðbrögð gagnvart móður sinni og virðist tilbúin til þess að fórna sannleikanum til að hjálpa foreldrum sínum gegn dómsmálakerfinu. “

Þá fór fram skýrslutaka af brotapolu í sérútbúnu húsnæði í Dómhúsinu við Lækjartorg hinn 19. mars sl. og enn fremur skýrslutaka af vitnunum D..., E..., F..., G... og H... á sama stað hinn 25. mars sl.

Loks voru skýrslur teknar að nýju af ákærða og vitnum þeim sem getur hér á eftir og málið flutt og dómtekið hinn 3. apríl sl. eins og fyrr greinir.

MÁLSATVIK

Með bréfi dagsettu 29. nóvember sl. tilkynnti I... lögreglunni á ... um ætlað kynferðisafbrot gagnvart barninu A..., kt. ..., ..., Kemur fram í bréfinu að þann sama dag hafi J..., ... hjá ..., átt samtal við K..., ... í ..., og hafi þar komið fram upplýsingar varðandi ætlað kynferðisbrot gagnvart A... af hálfu föður hennar, X..., ákærða í máli þessu. Óskaði bréfitari eftir rannsókn á meintum grun um kynferðisbrot, sbr. 21. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Áskilinn var réttur til greiðslu skaðabóta úr hendi ætlaðs brotamanns.

Í bréfi K..., ... í ..., til Fjölskyldustofu ..., dagsettu 28. nóvember 2011, segir að þann dag hafi tveir nemendur úr 7. bekk, G... og F..., komið til námsráðgjafa skólans. Ástæðan hafi verið sú að á sunnudeginum áður hefðu þær verið á leikvelli skólans og hitt þar tvær stelpur úr 6. bekk, þær brotaþola og E.... Hafi brotaþoli sagt þeim að pabbi hennar væri að misnota hana. Hún hefði sagt að hann sleikti á henni píkuna, káfaði á bringunni á henni, léti hana totta sig og léti brundinn upp í munninn á henni. Hún hafi líka sagt að þegar hún skyrpti út úr sér brundinum þá segði hann við hana að þetta væri hollara fyrir hana en vatn. Hún hafi sagt að hún þyrði ekki að segja frá því að pabbi hennar væri búinn að hóta henni að henda henni út ef hún segði frá. Hún hafi sagt þeim að síðasta skiptið hefði verið í sumar en hún væri hrædd öll kvöld. Námsráðgjafinn hafði samband við mæður stúlkanna og kom fram að stúlkurnar hefðu sagt frá þessu heima á sunnudeginum. Foreldrar E... hafi komið í skólann mánudaginn 28. nóvember og sagt kennara og skólastjóra sömu sögu.

Miðvikudaginn 29. nóvember 2011 barst lögreglunni á ... framangreind tilkynning frá Fjölskyldustofu ... um ætlað kynferðisbrot ákærða gegn dóttur hans 11 ára gamalli. Lögreglumenn fóru að ..., heimili brotaþola, en ákærði reyndist ekki vera þar og fóru þeir þá að ... (lögheimili ákærða) en enginn kom til dyra. Ekki náðist til ákærða þennan dag. Hinn 30. nóvember gaf ákærði sig fram við lögreglu á lögreglustöðinni á ... ásamt þáverandi verjanda sínum. Var honum kynnt sakarefnið og hann handtekinn.

Með úrskurði 1. desember 2011 var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 10. desember 2011. Var gæsluvarðhaldsvist hans síðan framlengd, nú síðast til 29. mars nk.

Hinn 8. desember 2011 var ákærði yfirheyrður af lögreglu. Eftir að honum hafði verið kynntur framburður brotaþola um ætluð brot hans gagnvart henni í skýrslu hennar í Barnahúsi 30. nóvember kvaðst hann neita sakargiftum. Hann hefði passað börnin á þeim tíma sem móðir þeirra fór til ... vorið 2011. Hún hafi farið með yngsta barnið með sér en tveir synir þeirra og dóttir hafi verið heima. Hann lýsti brotaþola sem heimtufrekri og hefnigjarnri. Hún væri þrjósk og ætti við hegðunarvandamál að stríða að einhverju leyti, m.a. gagnvart foreldrum, og færi illa eftir fyrirmælum. Hún hefði orðið uppvís að búðapjófnaði og öðrum þjófnaði og væri ekki treystandi til að gæta bræðra sinna enda þótt hún væri orðin 11 ára gömul. Hún hafi ítrekað meitt bræður sína og aldrei passað þá. Samskipti hans og hennar væru frekar stíð. Henni væri ekki treystandi til að passa hunda móður sinnar og sagði hann að hún hefði átt hamstra sem gæludýr en af einhverjum ástæðum hafi þeir báðir drepist fljótlega, sá fyrri hefði hálsbrotnað hjá henni. Ekki hafði hann skýringar á því hvers vegna brotaþoli bæri á hann sakir. Um þann framburð brotaþola þar sem hún lýsir kynfærum hans sagðist hann ekki vera með kynhár og var á honum að skilja að hann rakaði þau. Um neyslu sína sagði ákærði að hann hafi á þessum tíma neytt áfengis en ekki verið að drekka þegar hann gætti barnanna. Hann hafi ekki verið í fikniefnaneyslu á þessum tíma. Engin breyting hefði orðið á hegðun brotaþola á tímanum frá síðastliðnu vori til þess tíma er

ákærði gaf skýrslu sína. Ákærði kvað brotþola vera þeirrar gerðar að hún vildi alltaf vera númer eitt, hvar sem hún væri, og að hún næði því yfirleitt og fengi sitt fram. Lýsti hann því hvað hún gerði miklar kröfur og fengi sínu framgengt. Hún vildi fá borgað fyrir allt sem hún gerði en vildi fá allt fyrir ekki neitt. Ef hún fengi ekki sínu framgengt yrði hún illkvittin. Hann lýsti illkvittni hennar m.a. gagnvart bræðrum sínum. Hann tók skýrt fram að brotþoli kynni ekki að biðjast fyrirgefningar. Aðspurður um hvort brotþoli hefði verið staðin að því að búa til sögur sagði hann svo vera en kvaðst ekki muna nein sérstök dæmi, en hann sagði frá atvikum þar sem hún hefði ekki mætt þar sem hún hafi átt að mæta, t.d. í píanótíma. Hann tók fram að hann kynni lítið að nota tölvu og aðspurður um þann framburð hennar að hún hefði séð hann skoða klám á netinu sagði hann það ósatt. Hann hafi ekki skoðað klám fyrir framan hana og ekki gera það yfirleitt. Aðspurður um hvort eitthvað sérstakt hefði komið upp á milli hans og brotþola í nóvembermánuði lýsti ákærði kröfum sem brotþoli hefði gert um föt og síma. Hún hefði farið í fylu þegar hann hefði sagt henni að hann hefði ekki efni á að sinna kröfum hennar.

Miðvikudaginn 30. nóvember kom móðir brotþola, B..., á lögreglustöðina á ... og afhenti fartölvu dóttur sinnar og kvað myndskleið vera í tölvunni á Skype-samskiptaforritinu þar sem dóttir hennar ætti í samskiptum við tvo aðila sem greinilega væru með barnagirnd. Á myndskleiðunum væri brotþoli í kynferðislegum athöfnum sem þessir aðilar væru að biðja hana um að framkvæma. Bað hún lögreglu um að taka tölvuna til skoðunar. Sagði B... að hún hefði farið að skoða tölvuna eftir að hún hefði fengið tilkynningu frá barnaverndarnefnd um að ákærði hefði brotið gegn brotþola, dóttur þeirra. Hún hefði ekki haft hugmynd um að eitthvað slíkt hefði átt sér stað og hefði þetta verið henni mikið áfall.

Lögregla tók skýrslu af B... hinn 1. desember sl. Sagði hún í skýrslu sinni að hún vissi lítið um málið annað en það sem fulltrúar félagsmálayfirvalda og dóttir hennar hefðu sagt henni. Það sem hún vissi væri að þegar hún hafi farið til ... sl. vor hafi ákærði misnotað brotþola kynferðislega. Hann hefði neytt brotþola til að sjúga lim hans og hefði átt munnmök við hana. Hann hefði einu sinni reynt að eiga við hana endaparmsmök en ekki tekist og það væri vegna þess að brotþoli hefði grátið svo mikið af því að hún hafi verið svo hrædd um að það myndi verða sárt. Hún hefði farið til ... 16. eða 17. maí 2011 og komið aftur heim 10. júní 2011. Á meðan hún hafi verið í burtu hafi hún fengið ákærða til að búa hjá börnunum að ..., ..., heimili hennar og barnanna. Hún hafi vitað að ákærði hafi verið farinn að drekka aftur eftir að hafa verið edrú í 2 ár. Hún hafi haldið að hann væri ekki í fíkniefnaneyslu á þessum tíma en hún hafi vitað til þess að hann hefði verið farinn að nota amfetamín sumarið 2011 eða síðustu 3-4 mánuði og væri í daglegri neyslu. Henni voru kynnt helstu atriði úr framburði brotþola, að ákærði hefði látið hana eiga við sig munnmök í fjögur skipti og hann hefði átt við hana munnmök í þrjú skipti, auk þess sem hann hefði gert tilraun til að eiga við hana endaparmsmök í eitt skipti en hefði hætt þar sem bróðir brotþola hefði truflað hann og hann því hætt við. B... sagði aðspurð að ákærði byggji ekki á heimilinu en hann kæmi þangað oftast daglega í um klukkustund eða þar um bil og hitti börnin. Einnig gisti hann stundum í húsinu ef hún færi til Reykjavíkur að heimsækja vinkonu sína og væri þar yfir nótt og það væri oftast í kringum hundasýningar eða eitthvað tengt þeim. B... kvaðst vilja kæra þessa háttsemi ákærða og krefðist þess að honum yrði refsað

fyrir þetta.

Hinn 14. desember sl. var tekin skýrsla af B... hjá lögreglunni á ... að hennar ósk.

Henni var kynnt skýrsla Á... sálfræðings frá 13. desember 2011, sem rætt hafði við brotþola. Hún kvað athugasemdir um hegðun sem lýsti sér í því að hún væri flöt og tilfinningalaus ekki vera hegðun sem hún sýndi heima. Brotþoli væri hamingjusöm og hress, ekki með nein vandamál. En hún sýndi aðeins árásargirni gagnvart bróður sínum, sem sé aðeins yngri, hún rífist og sláist við móður sína eins og hún hafi alltaf gert. Hún hafi alltaf verið svolítið óþolinmód og árásargjörn gagnvart systkinum sínum. Ef þau komi í herbergið eða láti hana ekki vera eða stríði henni komi þau undan henni grátandi. Það sé búið að vera lengi svoléiðis.

B... sagði að dóttir hennar hefði átt vanda til að stela frá vinum sínum og stolið úr búðum. Ef hún geti ekki fengið eitthvað þá steli hún því og ljúgi um það og haldi sig við þá lygi þangað til það komi sönnun. Þá gráti hún og vilji að maður trúí hennar sögu algjörlega.

Hún sagðist hafa komið á lögreglustöðina til að koma að nokkrum atriðum. Hún hafi viljað finna út sannleikann á þessu. Henni fyndist eins og fólk tæki þetta tölvuvandamál, eins og hún orðaði það, ekki alvarlega. Það væri bara „fókuserað“ á ákærða. Hún hefði áhyggjur af því. Hún hafi munað eftir myndbandsspólum sem hún hafi átt sjálf. Myndirnar á spólunum hafi verið svolítið líkar því sem dóttir hennar hafi lýst. Hún hafi sýnt kunningja þeirra spólurnar og einnig hafi hún sýnt J... hjá barnaverndarnefnd ... myndirnar. Hún hafi fengið upplýsingar um tíma sem syni þeirra hefði verið skutlað í leikskólann og flesta daga hafi hann verið seinn og stundum alls ekki komið. Hún hafi sýnt J... allt þetta en hún sagt henni að það væri engin ástæða til þess að ætla að stúlkan hennar væri að búa þetta til. Fyrir B... gengi þetta ekki upp; þessi maður hefði aldrei snert dóttur hennar. Öll ellefu árin hafi hann aldrei snert dóttur hennar, þetta sé þannig maður sem hafi verið óruggur með að skipta um bleiur á henni og hafi ekki viljað koma nálægt henni þannig. Hann vildi ekki gera það, hann húðskammaði hana fyrir að vera að hlaupa um á nærfötunum.

Dóttir hennar hefði pakkað niður í Bónuspoka, fjórum sinnum að því er hún hélt frá því að hún var sex ára gömul, og þá farið að heiman. Mjög erfitt sé fyrir sig að trúá þessu og dóttir hennar hagi sé á sama veg og alltaf, hún hafi aldrei breyst. Hún hafi aldrei hagað sér eins og hún væri í uppnámi, ekkert. Hún hefði átt samtál við dóttur sína og átta ára son sinn oft í fyrra um að ef einhver snerti þau ættu þau að koma og tala við hana.

Hún kvað dóttur sína hafa sagt, er vitnið spurði hana hvort hana hafi getað dreymt þetta, eftir allt það sem hún hefði séð frá fólkinu á Skype, myndböndin sem þau voru að láta hana gera. Þessa hluti sem hún hafi séð í sjónvarpinu, einhverja hluti sem spurt hefði verið um. Hún hefði spurt hana um daginn hvort hún hafi séð myndböndin og hún svarað því játandi. Hún hafi einn daginn komið inn í sjónvarpsherbergið þegar ákærði hafi verið að horfa á þetta en hann sent hana í burtu.

Vitnið sagðist hafa spurt dóttur sína um hvort hún væri viss um að þetta væri ekki draumur. Fólkið í tölvunni, það sem þau hafi gert, væri ekki hennar mál. Hún hafi sagt við hana aftur, eins og hún hefði sagt oft áður, að ef það væri eitthvað sem þyrfti að breyta, sem væri ekki rétt og hægt væri að laga, myndi enginn verða reiður; ekki vitnið, ekki ákærði, ekki löggan, og hún hafi sagt sér að vinir hennar myndu verða mjög reiðir við hana þegar þau kæmust að því að þetta væri ekki satt.

Hún hafi sagt daginn áður að þetta væri draumur, hún hafi sagt vinum sínum þessa sögu og héldi að þau myndu ekki segja neinum. Hún hafi ekki viljað koma með vitninu til lögreglu því hún hafi ekki viljað missa af listgreinum í skólanum.

Hún kvaðst hafa talað við X... eftir að einangrun hans í gæsluvarðhaldsvist lauk.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa spurt dóttur sína nokkrum sinnum að því hvort hún væri hundrað prósent viss. Í hvert skipti sem hún hafi spurt hana hafi hún sagt við hana: hvað finnst þér. Hún hafi sagt henni oft að ef hann hafi gert þetta eigi hann skilið að vera í fangelsi. Það sé það sem fólk, börn á hennar aldri, eigi að hugsa.

Í vottorði Á..., sálfræðings í Barnahúsi, frá 20. febrúar sl. kemur fram að brotþoli hafi sótt alls 7 viðtöl til hennar. Viðtalsmeðferð væri skammt á veg komin. Brotþoli virtist nú vera í nokkuð góðu andlegu jafnvægi. Hún væri glaðleg og lífsglöð 11 ára stúlka. Hún tjáði sig greiðlega og af heilindum. Henni liði vel hjá vistforeldrum og sé daglegt líf hennar komið í góða rútinu sem hefði jákvæð áhrif á hana. Hún saknaði móður sinnar og bræðra eðlilega. Það sem helst hefði komið fram í síðustu viðtölum væri að hún virtist enn sýna talsverð forðunareinkenni þar sem hún reyni ávallt að hafa eitthvað fyrir stafni svo hugsanir um meint kynferðislegt ofbeldi herji ekki á hana. Slík forðun sé eitt megineinkenni áfallastreituröskunar og valdi ungum börnum oft mikilli streitu sem komið geti fram í kvíðaeinkennum eins og virðist vera hjá brotþola. Þá velti hún því talsvert fyrir sér hvort hún megi hugsa um meint kynferðisofbeldi og hvort hún eigi eða eigi ekki að gera það. Þannig virðist hún vera að leita eftir samþykki og ráðleggingum varðandi hugsanir sínar. Brotþoli hafi kvartað talsvert undanfarið um magaverk og verk í hálsi. Ekki hafi fundist læknisfræðilegar skýringar á þessum verkjum og verði því að teljast líklegt að hér sé um líkamleg kvíðaeinkenni að ræða. Algengt sé að börn sem sætt hafi kynferðislegu ofbeldi sýni líkamleg kvíðaeinkenni. Einhvers konar óöryggistilfinning í tengslum við frímínútur í skólanum virðist vera ástæða þessara einkenna hjá stúlkunni nú. Áfram verði unnið með þessi kvíðaviðbrögð í komandi viðtölum. Þar sem tilfinningaþroski brotþola virðist í lakara lagi sé ekki óeðlilegt að hún eigi erfitt með að átta sig á ástæðum kvíðans og tengja þær við hugsanir og líðan. Brotþoli hafi tjáð sig lítilliga um meint kynferðislegt ofbeldi í viðtölum. Þannig hafi hún í frjálsri frásögn óaðspurð rætt um að pabbi hennar hafi verið í „vímu“ þegar hann gerði þetta og að hún teldi að annars hefði hann ekki gert þetta. Sé þetta í samræmi við fyrri frásagnir stúlkunnar. Þá hafi hún unnið á sama hátt í verkefnavinnu og börn sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi, þ.e. ekkert komi fram sem bendi til annars en að hún sé að vinna verkefni út frá eigin reynslu. Hún hafi ekki tjáð sig frekar um þær ástæður sem móðir hennar virðist hafa brýnt fyrir henni, fyrst um að hún hafi verið að ruglast á draumi og veruleika og síðan að hún hafi greint jafnöldrum frá kynferðisofbeldi af hálfu föður því hún hafi skammast sín

fyrir að vera í samskiptum við aðila af sama kyni. Ekkert hafi komið fram sem bendi til óheiðarleika í samskiptum stúlkunnar við vottorðsgjafa. Telur sálfræðingurinn að brotþoli hafi þörf fyrir þó nokkuð mörg viðtöl til viðbótar. Hún sé nú fyrst að komast í það jafnvægi sem sé forsenda fyrir frekari greiningu á vanda hennar, einkum með tilliti til kvíðaröskunar og áfallastreituröskunar.

Í niðurstöðu Brynjars Emilssonar sálfræðings um sálfræðimat á ákærða segir sálfræðingurinn að það sé mat sitt að ákærði greinist ekki núna með neina alvarlega geðsjúkdóma og ekki komi fram alvarlegir geðsjúkdómar í sögu. Ekkert komi fram sem bendi til að hann hafi átt við geðræna erfiðleika að stríða á tímabilinu sem meint brot hafi átt að vera framin. Hann greinist nú með ánetjun áfengis og vímuefna og þær tilfinningasveiflur, sem hann hafi nú megi, skýra sem eðlileg streituvíðbrögð. Minni og hugsun séu skýr og ekkert komi fram sem bendi til higrænnar skerðingar. Hann sé ósáttur við meðferðina á sér og hvernig málið hafi verið unnið af lögreglu og dómstólum. Hann neiti öllu varðandi hin meintu kynferðisbrot og telji dóttur sína ljúga til að fá athygli. Nokkur áhætta sé á að hann muni reyna að nálgast hana eða fjölskylduna til að fá hana til að breyta um framburð. Lítið komi fram sem bendi til að hann hafi sérstaklega kynferðislegan áhuga á börnum, en það útiloki það ekki, og hafi hann bæði verndandi þætti sem og áhættuþætti. Ákærði eigi sér langa sögu um áfengis- og vímuefnanotkun en óljóst sé um neyslusögu á árinu og á umræddu tímabili vegna misræmis í frásögn hans.

Við rannsókn málsins hjá lögreglu var tölva brotþola tekin til rannsóknar. Gerð var sérstök leit að Skype-samskiptum og tekin skýrsla sem inniheldur upplýsingar úr annálum er fundust í tölvunni sem sýnir aðila sem tengst var við, upplýsingar um „chat logga“ og fleiri upplýsingar sem Skype-kerfið geymi. Tekin var út ein ljósmynd og eitt myndskleið sem skýrslugjafi taldi að gæti sýnt þolanda í kynferðislegum stellingum. Gerð hafi verið leit að barnaklámi og efni sem sýni kynferðislega misnotkun á börnum. Ekkert slíkt efni utan ofangreinds hafi fundist.

Þáverandi saksóknari máls þessa, verjandi og réttargæslumaður brotþola mættu til fundar á lögreglustöðinni í Reykjavík til þess að kynna sér haldlögð gögn sem tekin voru úr tölvu brotþola. Skýrðu lögreglumenn fyrir viðstöddum hvaða gögn hafi fundist við rannsókn á umræddri tölvu en lögregla hafði tekið afrit af hörðum diski tölvunnar. Meðal annars kom fram að ekki hefði verið unnt að ná Skype-gögnum um tal- og myndamskipti (straumur) en hins vegar hægt að ná skeytum (sms log). Tölvupósthólf hafi ekki fundist í tölvu brotþola en tölvupóstur með netfang hjá gmail.com og hotmail.com og fleiri sambærilegum vefsíðum vistuðust ekki í tölvu notanda. Ekki hefði lögregla haft notandanafn eða lykilorð brotþola hafi brotþoli notað pósthólf þessarar gerðar. Haldlögð samskiptagögn (Skype) voru prentuð út og lögð fram í málinu. Koma þar fram samtöl brotþola af kynferðislegum toga við tvo ókunna aðila á tímabilinu, einkum dagana 13. til 24. nóvember 2011.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012 að hann hefði kynnst konu sinni erlendis en þegar hryðjuverkin hefðu átt sér stað í Bandaríkjunum hafi þau flutt heim. Brotapoli hafi verið fædd í Bandaríkjunum. Þau hafi skilið að borði og sæng 2003 eða 2004 en átt börn saman. Hann hafi unnið erlendis og reynt að vera í sambandi eins og hann geti og stutt við bakið á henni í einu og öllu eða tekið þátt í kostnaði, fæði og klæði. Hún hafi séð mikið um að ala upp börnin. Þau hafi eignast tvö börn eftir að þau skildu, þau hafi reynt að taka saman en ekki tekist. Samskipti við börnin hafi verið eðlileg. Hann hafi verið mikið erlendis og ekkert fast form verið á umgengni. Fram kemur í skýrslu hans að hann hafi verið oft á heimili B..., sótt börnin í skólann og leikskóla. Hann hefði stutt við bakið á henni en hún hafi örorkubætur sem tekjur. Hann kvaðst hafa keypt hús það sem hún býi í og hún hafi haft bíl hans til umráða.

Hann kvað samskipti sín við brotþola hafa verið stífari en við syni hans. Hún sé dugleg og klár og skemmtileg en einnig með sitt skap og galla. Hann kvaðst hafa komið eins fram við öll börnin.

Aðspurður um neyslu áfengis og fíkniefna sagði ákærði að hann hefði verið búinn að vera edrú í tvö og hálf ár en fallið fljótlega í byrjun árs 2011. Þá hefði hann verið í neyslu um sinn, hætt en byrjað síðan aftur. Í maí og júní sl. kunni að vera að hann hafi fengið sér eitthvað smávegis en af því að hann hefði verið með krakkana hafi hann passað sig vel á að vera ekki í neinu. Hann hafi verið með börnin í um tvær vikur og samskipti hans og brotþola hafi verið ágæt að hans mati. Hún hafi frekar verið með vinkonum sínum en heima. Hann kvaðst ekki vita svarið við því af hverju hún bæri á hann sakir. Ýmislegt hafi komið í ljós eftir að hann var settur í gæsluvarðhald. Á þessu tímabili hafi brotþoli bara verið með sínum vinkonum og hann verið með strákana. Brotþoli og hann hafi átt sín rifrildi og ekki verið sammála. Hana langi alltaf að kaupa eitthvað eða vilji fá eitthvað. Ef vinkona hennar eða einhver annar sé búinn að fá eitthvað þá líði ekki á löngu þar til hún biðji um það, sama hvort það séu símar eða tölvur. Hann kvað þau brotþola ekki alltaf vera sammála. Hann væri frekar fastur fyrir en samt sanngjarn en hann hafi staðið brotþola að því að ljúga, og móðir hennar líka, og gera ýmsa hluti sem kannski sé ekki hægt að skýra af hverju hún geri. Sem dæmi nefndi hann að mæta ekki í tíma í skólanum, eins og í píanótíma, eða ljúga því að hún sé þar og fara eitthvað annað. Í stað þess að vera hjá tiltekinni vinkonu fari hún eitthvað annað. Lýsti ákærði því að hegðunarmynstur hennar væri þannig að hún hefði verið tekin fyrir að reykja og stela peningum frá foreldrum sínum og orðið ber að búðarhnupli. Hún hafi oftast en einu sinni logið að ástæðulausu, til dæmis um hluti sem hún hefði fengið, hvar hún hefði fengið peninga og ýmislegt annað. Hann hafi lært, eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, að upp hafi komið tölvugögn í hennar tölvu og svo virtist sem hún væri að stunda einhver samskipti við erlent fólk og annað. Kynni það að vera skýring á ásökunum hennar. Hún sé gjörn á að gera hluti sem megi ekki. Hún hafi tekið upp á ótrúlegustu skrýtnum hlutum.

Aðspurður um lýsingar hennar á því hvernig hann hefði átt við hana munnmök sagði ákærði að hann teldi að hún hafi kannski komist í eitthvert svona efni, annaðhvort hjá vini sínum eða á netinu, hún eyði miklum tíma í tölvu og væntanlega ekkert flókið fyrir hana að sjá svona myndefni ef að því sé að skipta.

Hann neitaði því að hann hefði horft á klámefni að henni ásjáandi en sagði, nánar aðspurður vegna framburðar brotaþola og L... bróður hennar um þetta, að það hefði þá verið langt síðan og þá að það hefði þá verið eitthvað sem hafi bara verið óvart. Hann kvaðst hafa frétt af ásökunum á hendur sér þegar B... hafi hringt í hann. Hann hafi þá verið staddur hjá félagu sínum og hún hafi verið í miklu uppnámi og hann hefði hringt í lögmann sinn og þeir síðan mætt hjá lögreglu. Aðspurður um hvort hann teldi að brotaþoli væri illa innrætt sagði ákærði að hann vildi ekki meina að hún væri illa innrætt. Hún sé náttúrulega dóttir hans og það breytist aldrei, hún sé náttúrulega barnið hans og honum þyki vænt um hana, mjög mikið. Aftur á móti hafi hann orðið var við það að hún geti oft verið ill eða hefnigjörn gagnvart yngri bræðrum sínum. Og það séu ófá atriði sem hafi komið upp þar sem í ljós hafi komið að hún sé hefnigjörn, en það sé kannski of sterkt til orða tekið að hún sé hefnigjörn. Hún sé kannski kurteisari svona til að byrja með annars staðar en heima hjá sér. Hún hafi líka gist hjá vinkonum sínum og stolið frá þeim og komið með þýfið heim og ekki getað gert grein fyrir því og þrætt fyrir það alveg eins lengi og hún gæti, þangað til búið væri að komast að hinu sanna, og það hafi komið upp á hjá bestu vinkonu hennar. Ákærða var bent á að kennari hennar lýsti henni öðruvísi og tali nú um að það sé mjög auðvelt að ræða við hana málin og hægt að tala við hana á skynsamlegum nótum. Hún væri oft skjót að átta sig á hvað hún hefði gert rangt og væri reiðubúin að taka ábyrgð á eigin gerðum og biðjast afsökunar. Ákærði hafði ekki skýringar á þessu en vék talinu að því að ef því væri að skipta hvort hún ætti að vera með vinkonum sínum, sem hún sé með í skólanum, eða fara á æfingar eða eitthvað slíkt þá ljúgi hún frekar og segist vera að fara á æfingu en fari að leika sér með vinkonum sínum. Þetta hafi ekki bara gerst einu sinni eða tvisvar heldur mjög oft.

Hann kvað L... alltaf hafa verið með sér þegar hann var ekki í skólanum. Ákærði kvaðst hafa fengið leyfi hjá leikskólanum til að vera með svolítið frjálssa mætingu með M... og hann hafi viljað eyða tíma með honum. Hann hafi oftast verið með annaðhvort L... eða M... eða báðum. Brotaþoli hefði verið meira og minna alltaf úti. Hann kvað brotaþola hafa beðið sig um að koma með sér í verslun og kaupa á sig föt fyrir jólin og skó. Hann hafi sagt henni að það væru ekki til peningar fyrir þessu og ekkert yrði keypt núna og þar með hefði byrjað fýla og óánægja. Ákærði kvað klámmyndir hafa verið til á heimilinu og taldi að brotaþoli hefði átt auðvelt með að nálgast þær, enda væri hún fingralöng og færi í alla skápa.

Ákærði kom aftur fyrir dóm hinn 3. apríl sl. Sagði hann að samskipti hans og dóttur hans hefðu alltaf verið ágæt. Hann hefði ekki tekið mikinn þátt í heimilislífinu eftir að þau hjónin skildu enda hefði hann verið við vinnu í eitt og hálf t ár á Grænlandi en hefði reynt að hitta krakkana þegar hann var á landinu. Hann hafi aðstoðað heimilið fjárhagslega eftir getu, hann hefði keypt húsið sem þau bjuggu í og bíll sem B... hefði hafi verið á hans nafni. Hann kvaðst ekki hafa neinar skýringar á framburði brotaþola í Barnahúsi 30. nóvember 2011. Honum

fyndist þetta bara svo galið að það næði bara ekki nokkurri átt.

Brotapoli var yfirheyrð í Barnahúsi 30. nóvember 2011. fyrir dómi skv. a-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hún kvaðst vera komin í Barnahús vegna þess að hún hefði sagt vinkonum sínum leyndarmál um að pabbi hennar hefði verið ógeðslegur við hana. Þegar móðir hennar hafi farið til ... hafi pabbi hennar verið skrýtinn og svolítið ógeðslegur við hana. Hann hafi sagt henni að fara úr fötunum og snert hana. Nánar aðspurð um þetta sagði brotapoli að hann hefði snert á henni brjóstin og verið að spyrja hana um hvort brjóstin væru að stækka og hún sagt nei. Hann hafi farið úr fötunum og hún þurft að totta hann og svo hafi hann sleikt á henni píkuna og einu sinni hafi hann reynt að stinga typpinu í rassinn á henni. Allt hafi þetta gerst þegar mamma hennar var í ... í maí og júní á síðasta ári. Síðast þegar þetta hafi gerst hafi pabbi hennar verið að sleikja á henni píkuna. Það hafi verið skömmu áður en mamma hennar kom heim. Þetta hafi verið inni í stofu en stundum í herbergi mömmu hennar. Hún lýsti því að pabbi hennar hafi legið í sófanum en hún hafi þurft að beygja sig yfir hann. Hún sagði að pabbi hennar hafi sagt henni að fara úr öllum fötunum. Hún hafi alltaf farið úr öllum fötunum nema þegar hún var að totta hann. Aðspurð um fyrsta

skiptið sagði hún að þá hefði hún þurft að totta hann. Þá hafi pabbi hennar verið í græna sófanum. Aðspurð sagði hún að hún hafi þurft að totta hann fjórum sinnum. Brotapoli sagði að í eitt skiptið hafi hann verið í rauða sófanum þegar hún tottaði hann. Hún lýsti því að hann hefði haft sáðlát í munni hennar í öll skiptin sem hún tottaði hann og að hann hefði sagt henni að það væri hollara fyrir hana en vatn. Hún lýsti kynfærum ákærða, þ.e. að hann væri með appelsínugult hár á kynfærunum. Frekar aðspurð um fjölda atvika sem ákærði braut á henni sagði hún að í fjögur skipti hafi hún tottað hann, þrisvar sinnum hafi hann sleikt á henni píkuna, þ.e. einu sinni inni í mömmu herbergi og tvisvar inni í stofu. Þá sagði hún frá því að einu sinni hafi þau verið inni í pabba og mömmu herbergi og þá hafi hann látið hana fara úr öllum fötunum og reynt að setja typpið inn í rassinn á henni. Hann hafi þá sett eitthvað sleipiefni á rassinn á henni. Hún sagði að þá hafi bróðir hennar komið að þeim og truflað og þá hafi hann hætt við. Hún sagði að pabbi hennar hafi ekki náð að stinga typpinu inn í rassinn á henni. Hún lýsti stellingu sem hún var í þegar pabbi hennar var að reyna þetta. Kvaðst hafa legið á bakinu og haldið fótunum uppi líkt og hann væri að skipta um bleiu á henni. Spurð um þegar pabbi hennar snerti á henni brjóstin sagði hún að pabbi hennar hefði spurt hana hvort brjóstin væru að stækka og tvisvar sinnum hafi hann snert brjóstin á henni. Hann hafi síðast talað um brjóstin á henni í sumar í kringum Aðspurð kvað hún pabba sinn hafa látið hana fara úr fötunum þegar hann snerti brjóstin á henni. Húns sagðist vera hrædd um að hann gerði þetta aftur en vonaði samt ekki. Hún væri hrædd um að hann gerði þetta sama. Hún sagði að henni liði vel með pabba sínum en henni þætti þetta mjög vont það sem hann væri að gera við sig og sagði ekki rétt að hann væri að gera þetta við dóttur sína. Húns sagðist hafa sagt vinkonu sinni, D..., frá þessu núna 10. eða 15. nóvember en F... og E... síðar eða um 20. nóvember. Hún sagði að hún hefði sagt vinkonum sínum þetta í von um að þær myndu hjálpa henni. Aðspurð um hvort hún hefði séð bert fólk í tölvu skýrði hún frá því að hún hefði fylgst með pabba sínum horfa á klám í tölvunni. Hún sagði að hann hefði sagt henni að fara frá.

Brotapoli var yfirheyrð að nýju hinn 19. mars sl. í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg. Brotapoli sagði við upphaf skýrslutöku að talað væri við hana af því að þau væru að reyna að leysa málið með föður hennar, hvað sem gerðist ekki eins og hún orðaði það. Hún hefði sagt að pabbi hennar væri að gera ranga hluti, misnota hana og eitthvað þannig. Hún hefði sagt að hann hefði sagt henni að totta sig og hefði sleikt hana og reynt að stinga typpinu inn á hana og snerta á henni brjóstin. Hann hefði reynt að stinga typpinu í leggöng hennar. Brotapoli sagðist hafa ásakað föður sinn ranglega, ekkert af þessu hefði gerst. Hún hefði verið með D... og H... í leik sem hún nefndi SPHKLM. Hún hefði valið M sem sé mönun. Annaðhvort D... eða H... hefði spurt hvert væri stærsta leyndarmál brotápola. Alvöru leyndarmál brotápola hefði verið að hún hefði verið á Skype samskiptavefnum og fólk sem hún hefði verið í sambandi við hefði beðið hana að fara úr fötunum og gera eitthvað, snerta á sér pikuna og eitthvað þannig. Hún hafi ekki þorað að segja frá þessu en hún hafi verið leið yfir yfir því að hún fengi ekki eins mikla athygli og eitthvað þannig og haldið að enginn myndi segja frá þessu. Þetta hafi bara verið djók. Aðspurð um hvers vegna hún hefði ekki sagt frá þessu í stað þess að segja að pabbi hennar væri að brjóta svona gríðarlega gegn henni sagði brotapoli að hún hefði verið hrædd um að einhver myndi gera grín að henni. Allir myndu vita þetta og nú þegar allir viti þetta um pabba hennar geti hún eiginlega ekki treyst neinum. Nánar aðspurð sagði hún að hún hefði viljað fá athygli til þess að allir myndu koma til hennar og sýna henni athygli. Hún sagði að sér hefði liðið illa og tilfinningin við að segja ósatt hefði ekki verið góð. Henni hefði liðið illa og bara verið að hugsa um pabba sinn. Hvers vegna hún hefði sagt þetta, hún hefði ekki átt að gera það og hvernig hún gæti breytt þessu. Hún hefði viljað gera það með því að segja öllum að þetta væri rangt en sumir hefðu bara ekki trúað henni. G..., F... og að því er hún hélt E.... Hún hefði sagt þeim frá þessu líka, bara upp úr þurru vegna þess að hún hefði sagt H... og D... frá þessu. Svo hefði henni farið að líða illa. Hún hafi sagt F..., G... og E... frá þessu kvöldið eftir að hún sagði D... og H... frá. Þær stöllumnar hefðu verið á skólalóðinni er þetta var, einhvern tíma í nóvember 2011. Þau D... og H... hefðu verið á leikvelli fyrir framan hús vinkonu hennar. Hún hafi viljað að þær F..., G... og E... myndu sýna henni athygli og vilja vera með henni. Spurð um hvers vegna hún hefði beðið með að leiðrétta frásögn sína svona lengi sagði hún að hún hefði ekki vitað hvernig hún ætti að leiðrétta þetta en þegar hún hafi reynt það hafi enginn viljað trúa henni. Hún hafi sagt G... og F... frá þessu en þær sagt að það gæti ekki verið, svona ung stelpa myndi ekki segja svona. Hún hafi farið til ... til þess að leiðrétta þetta. Nánar aðspurð um þetta sagði hún að Á... sálfræðingur hafi alltaf verið að snúa út úr því sem hún sagði. Hún hafi sagt að sig langaði bara að þetta væri búið og fá að hitta pabba sinn og láta allt þetta hætta. Þá myndi hún kannski segja að brotapoli segði að pabbi hennar hefði gert þetta og að hún vildi að allt þetta væri búið. Hún hafi oft heyrt það að hún breytti. Eitt sinn hafi brotapoli farið til I... og sagt þetta sem hún var að segja áðan, að hún vildi bara að pabbi hennar komi aftur út og allt málið væri búið og allir tryðu henni. Þá hafi hún breytt því og sagt við mömmu hennar að brotapoli vildi að pabbi hennar færi í fangelsi og allt þetta væri búið. Hún nefndi þrjár konur, Á... sálfræðing, J... og I... og að hún hefði reynt að leiðrétta frásögn sína við þær og sagt að það væri rangt sem hún hefði verið að segja. Þetta væri búið að vera svona í eitt og hálf ár. Hún hafi reynt það með því að segja að pabbi hennar hefði gert þetta ... ekki. Spurð um hvernig þær hefðu brugðist við sagðist hún ekki muna

Það, hún væri búin að bíða geðveikt lengi núna. Það sé svolítið langt síðan hún hafi farið til þeirra. Og þær hafi samt ekki trúað henni, ef svo væri, væri þetta löngu búíð. Þá sagði brotþoli að hún hafi verið rosalega feimin og verið hrædd um hvað öðrum myndist. Þeim myndi finnast eins og hún væri bara að ljúga, reyna að segja að pabbi hennar gerði þetta ekki, bara til að hann kæmi aftur, þau gætu haldið það. Er hún var í fóstri hafi hún sagt N... frá þessu en ekki O.... Spurð um það sem hún bar á föður sinn sagði brotþoli að hún ætti margar vinkonur sem tali um kynferðismál og að hún hafi einu sinni eða tvisvar séð pabba sinn horfa á klám. Hann hafi rekið hana út er hann varð þess var. Þá hafi hún séð einhvern disk í skáp. Hún hafi séð einhvern strák og stelpu vera að gera eitthvað, ríða og totta eins og hún orðaði það. Hún hafi fengið hugmyndina við að horfa á þetta. Þá hafi tvær þýskar vinkonur hennar alltaf verið að tala um þetta en hún hafi ekki séð klámefni hjá þeim. Þær hafi verið að tala um að ríða og um einhvern brund. Hún sagðist hafa verið glöð þegar hún kom heim úr fósturinu hjá O... en hefði ekki fundist gaman hjá henni. Hún sagði að henni og mömmu hennar hefði fundist gott að búa til video út af því að enginn hafi hlustað á hvað hún hafi verið að reyna að segja. Hún hafi farið inn á forritið Movie maker og gert videoið þar. Þetta hafi hún gert af því að enginn hafi verið að hlusta á hana. Allir hafi verið að segja að það væri rétta sagan sem sögð hefði verið í barnaverndarnefnd, hún hafi verið að reyna að segja að það væri rangt og rétta sagan væri um samskiptin á Skype. Hún hafi gert videoið inni í eldhúsi og að mamma hennar hefði ekki séð hana gera þetta.

Vitnið D... sagði í skýrslu sinni í Barnahúsi hinn 5. desember 2011 að brotþoli hefði sagt henni frá því að pabbi brotþola hefði látið hana totta sig og þegar hann kitlaði hana á bakinu hefði hann strokið um rassinn á henni. Brotþoli hefði líka sagt henni að pabbi hennar hefði stungið typpinu í rassinn á brotþola. Þá hafi ákærði sagt henni að ef brotþoli segði móður sinni frá þessu myndi hann henda henni út en gefa henni allt ef hún myndi þegja. Brotþoli hefði sagt sér þetta eftir að snjórinn kom núna um daginn og þær hafi verið staddar á leikvelli ásamt vitninu H..., skólabróður þeirra. Vitnið hvað brotþola hafa talað um þetta við sig áður, en mundi ekki hvað hún hefði sagt, en það hefði verið á sama ári. Þær hafi verið byrjaðar í skólanum sl. haust þegar hún hafi sagt frá þessu í fyrsta skipti. Nánar aðspurt sagði vitnið að þegar brotþoli hefði sagt að pabbi hennar hefði látið hana totta sig þýddi það að brotþoli hefði tekið typpið á föður sínum í munninn á sér og sogið það. Vitnið sagði líka frá því að brotþoli hefði sagt frá því að pabbi hennar hefði sleikt pjásuna á brotþola. Hann hefði látið hana standa við höfuðið á sér og sleikt pjásuna á henni. Vitnið sagði að ákærði hefði einu sinni látið brotþola taka niður buxurnar og hefði sagt henni að ef þau heyrðu í einhverjum þyrftu þau að vera fljót að hysja upp um sig buxurnar. Ákærði hafi verið að passa upp á að enginn væri heima þegar hann gerði þetta. Einnig sagði vitnið frá því að öll þessi atvik hefðu orðið heima hjá brotþola. Vitnið sagðist ekki vissst um hvenær þetta hafi komið fyrir brotþola.

Vitnið D... var yfirheyrð að nýju hinn 25. mars sl. í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg. Hún sagði að að hún, brotþoli og H... hefðu verið verið á leikvelli. Þau hefðu verið að tala saman og brotþoli byrjað bara að segja þetta allt í einu. Þau hefðu verið í einhverjum leik, tala saman um helling og

eitthvað, sagt að þau væru búin að gera eitthvað og svo hefði hún sagt þeim þetta. Hún sagðist eiginlega ekki muna þetta. Hún hafi hætt að hugsa um þetta af því að henni hafi fundist of erfitt að hugsa um þetta. Þetta hafi snúist um að pabbi brotþola hefði látið hana gera eitthvað ógeðslegt og hann gert eitthvað ógeðslegt við hana. Hún hafi ekki sagt neinum frá þessu af því að hún hefði beðið þau um að gera það ekki, utan vinkonu sinni, og svo hafi hún ekki viljað hugsa um þetta meira. Þau hefðu verið í leik en mundi ekki hvort það var leikur sem nefndur er SPHKLM en vitnið kannaðist við þann leik. Spurð um hvort hún hefði talað um þetta við brotþola aftur sagði vitnið að einu sinni hafi hún verið að fara heim til brotþola að sækja eitthvað og hafi brotþoli verið að tala við mömmu sína um að hún væri að skrifa bók um að þetta væri ekki satt og hún hafi bara verið eitthvað á netinu og gert eitthvað vitlaust. Vitnið hafi ekki þorað að tala við brotþola um þetta, en hún hefði verið byrjuð að gráta og talað við mömmu sína og knúsa hana og eitthvað. Hún sagði að þær tvær hefðu verið á gangi og brotþoli hefði sagt að þetta væri bara svona, hún væri bara að plata, hún hefði gert eitthvað vitlaust á netinu. Hélt vitnið að hún hefði verið að bera sig fyrir einhverjum mönnum en sagðist ekki muna það.

Vitnið E... gaf skýrslu í Barnahúsi 5. desember 2011. Um vitneskju sína um málið sagði vitnið að brotþoli hefði sagt henni að hún hefði sleikt typpið á ákærða og hann sleikt klofið á henni. Þá sagði hún að brotþoli hefði sagt henni að ákærði hefði hóttað að reka hana út úr húsinu ef hún segði frá. Vitnið sagði þær hafa verið að leika sér í ...brekkunni ásamt vinkonum þeirra á sunnudegi í nóvembermánuði þegar brotþoli hafi sagt frá þessu. Hafi brotþola ekki liðið vel með þetta. Sjálfri hafi vitninu liðið mjög illa þegar hún heyrði þetta og ekki getað sofnað um kvöldið fyrr en hún hefði sagt foreldrum sínum frá þessu. Vitnið kvaðst hafa talað við brotþola um þetta síðar og þá hafi brotþola liðið mjög illa. Loks sagði hún frá því að áður en brotþoli hafi sagt þeim frá þessu, þ.e. á mánudegi tveimur vikum áður en hún sagði þeim frá hvað ákærði gerði við hana, hafi hún sagt að hún vildi að pabbi sinn færi í fangelsi. Þá hafi hún ekki viljað segja hvers vegna.

Vitnið E... var yfirheyrð að nýju í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík hinn 25. mars sl. Sagði vitnið að þær F... og G... hefðu verið að renna sér á sleða niður brekku. Brotþoli hefði sagt frá því í sundi að hún þyldi ekki pabba sinn. Vitnið hefði spurt brotþola hvað hún hefði verið að meina og hún þá sagt þeim að pabbi hennar hefði sleikt hana og hún sleikt hann og eitthvað þannig. Vitnið hefði spurt brotþola af hverju hún segði ekki móður sinni frá þessu og brotþoli sagt að þá yrði hún rekin úr húsinu. Vitnið hefði sagt móður sinn frá þessu um kvöldið. Hún sagði að þær fjórar hefðu ekki verið í leiknum SPHKLM en kannaðist við leikinn og kvað brotþola hafa sagt þeim að þau H... og D... hefðu verið í þessum leik.

Vitnið F... gaf skýrslu í Barnahúsi hinn 5. desember 2011. Sagði vitnið að hún hefði verið úti með G..., bestu vinkonu sinni, þegar þær hefðu hitt brotþola og aðra stelpu sem heiti E.... Brotþoli hafi þá farið að segja þeim að ákærði væri að

misnota hana. Hann væri að láta hana totta sig. Vitnið hafi strax áttað sig á því að þetta væri glæpur og hafi spurt brotþola hvort þær mættu segja foreldrum sínum frá þessu en hún beðið þær um að gera það ekki. Vitnið hafi samt farið heim og sagt móður sinni frá þessu og það hefðu G... og E... líka gert. Þeim hafi svo liðið mjög illa í skólanum en hefðu ekki talað um þetta við neinn uns þær sögðu kennaranum frá þessu og fóru síðan til námsráðgjafans í skólanum og sögðu henni frá þessu. Námsráðgjafinn hafi síðan sett málið af stað. Vitnið sagði þær hafa óttast að brotþoli yrði reið við þær. Þær hefðu spurt brotþola hvort hún hefði ekki fengið eitthvað upp í sig úr kynfærunum á ákærða. Hún hafi sagt að hún fengi vökva upp í sig en spýtti honum alltaf út úr sér því henni fyndist það vont en ákærði hefði sagt við hana að það væri hollara en vatn. Þær hefðu sagt brotþola að hún yrði að segja frá þessu en hún sagt að hún ætlaði að segja frá þessu þegar mamma hennar væri ekki heima. Þegar þær hefðu spurt af hverju hefði brotþoli sagt að hún þyrfti fyrst að segja ákærða að hún ætlaði að segja móður sinni frá. Ákærði hefði hóttað henni að henda henni út úr húsinu ef hún segði einhverjum frá því hvað hann hefði látið hana gera. Þær hefðu þá sagt henni að hún myndi þá bara koma til þeirra. Brotþoli hefði svo sagt þeim að ákærði og mamma hennar væru að skilja en væru ekki skilin og hún væri hrædd um að mamma hennar myndi ekki trúa þessu. Vitnið sagði að brotþoli hefði sagt henni frá þessu fyrir rúmri viku. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið eins og henni væri sama þegar hún hafi verið að segja frá þessu en þær vinkonurnar sagt henni að þetta væri alvarlegt og hún gæti ekki látið eins og þetta hefði ekki gerst. Þær hefðu spurt hvenær þetta hefði gerst og þeim skilist að þetta hefði gerst í sumar en hún héldi að hann væri að bíða eftir að hún byrjaði á blæðingum og þá ætlaði hann að nauðga henni. Vitnið var spurt hvort brotþoli hefði sagt frá einhverju fleiru en að ákærði hefði látið hana totta sig og hvort hann væri að snerta hana eitthvað. Vitnið sagði að hann hefði verið að snerta á henni píkuna og hann væri líka að snerta hana í kringum geirvörturnar og þar sem brjóstin vaxa.

Vitnið F... var yfirheyrð að nýju hinn 25. mars sl. í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg. Hún sagði að brotþoli hefði sagt frá því að pabbi hennar hefði misnotað hana á meðan hann hafi átt að vera að passa hana. Mamma hennar hafi átt að hafa verið út í ... að heimsækja fjölskyldu sína og hann hafi misnotað hana með því að láta hana totta sig, eitthvað svoleiðis. Síðan hafi hún sagt að það hefði komið vont bragð upp í munninn. Vitnið sagðist muna þetta alveg nákvæmlega út af því að hún hefði verið að reyna að gleyma þessu. Þetta sé aðallega það sem vitnið myndi. Hún hafi verið úti, það hafi verið snjór og hún verið með bestu vinkonu sinni G.... Svo hafi E... og brotþoli komið og E... spurt brotþola um hvað væri þetta fjölskylduleyndarmál sem hún hefði verið að tala um áðan og eitthvað. Eftir nokkurt hik hefði brotþoli bara sagt allt þetta, að hann væri að láta hana totta sig og svona. Síðan hafi þær sagt brotþola að hún yrði bara að segja frá þessu og þá hafi hún sagt að pabbi hennar ætti eftir að reka hana út og eitthvað. Þá hefði pabbi hennar hóttað henni að bara henda henni út af heimilinu ef hún myndi segja frá. Þær G... hafi farið daginn eftir til námsráðgjafans í skólanum og sagt henni frá þessu. Eftir að málið var komið í fjölmiðla hafi brotþoli strunsað beint til þeirra á gangi í skólanum og spurt hvort þær hefðu sagt frá þessu með pabba hennar. Þær hafi neitað því. Vitnið sem er ári eldri en brotþoli og í öðrum árgangi í skóla sagði að E... hefði sagt þeim frá því að brotþoli hefði talað illa um föður sinn í sturtuklefa í sundi. Vitnið kannaðist við leikinn SPHKLM. Hún hafi

heyrð frá brotapolu að brotapolu hefði verið í þeim leik með H... og D... er hún sagði sögu sína. Þá sagði vitnið að hún minntist þess að brotapolu hefði sagt við hana einhvern tíma í skólanum að þetta hefði ekki gerst. Hún hefði bara verið að plata þessu. Og síðan hafi P... komið og sagt „F... þú veist að A... er að plata þessu.“ Vitnið sagði að þær hefðu sagt við brotapolu að enginn lygi svona, ef hún þyrfti meiri athygli skyldu þær redda því. Brotapolu hafi sagt að hún væri ekki að plata. Vitnið minnti að þetta hafi verið eftir að hún gaf skýrslu sína í Barnahúsi. Vitnið sagði að hún hefði ekki trúað brotapolu þegar hún hafi viljað hverfa frá sögu sinni.

Vitnið G... gaf skýrslu í Barnahúsi 5. desember 2011. Hún kvaðst hafa verið úti að renna með vinkonu sinni F... og þær hitt tvær telpur, þ.e. brotapolu og E.... E... hafi þá sagt brotapolu að segja frá leyndarmálinu. Brotapolu hefði verið treg til en eftir að þær F... hefðu sagt henni að hún gæti treyst þeim hafi hún sagt að pabbi hennar væri alltaf að láta hana totta sig og hún hafi einnig sagt að hann væri líka að sleikja á henni þíkuna og káfa á bringunni á henni og að hún hefði fengið brund úr honum upp í sig og hann sagt að það væri betra en vatn. Þetta hefði hún sagt þeim síðdegis líklega sunnudaginn 27. nóvember. Þá hafi brotapolu sagt að þetta hefði gerst sl. sumar. Ítrekað spurt sagði vitnið að brotapolu hefði sagt að pabbi hennar hafi verið að snerta hana og láta hana snerta sig. Þá hafi hún sagt að þetta hefði gerst heima hjá henni þegar mamma hennar hafi ekki verið heima. Vitnið kvaðst hafa skýrt foreldrum sínum og námsráðgjafa í skólanum frá þessu. Þær vinkonurnar hafi spurt hvort hún hafi fengið brund upp í sig og þá hafi brotapolu spurt hvað það væri og þær lýst því. Hafi hún þá sagt: „Já oft“. Vitnið sagði brotapolu hafa sagt að ákærði hefði hóttað að henda henni út úr húsinu ef hún segði frá. Þá hafi hún sagt að hún óttaðist að ákærði myndi byrja aftur þegar hún byrjaði á blæðingum.

Vitnið G... var yfirheyrð að nýju hinn 25. mars sl. í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg. Sagði hún að þær F... hefðu verið á skólalóðinni og ætlað að fara að renna sér og hafi hitt E... og brotapolu. E... hafi vitað af einhverju leyndarmáli sem brotapolu hafi ekki mátt segja. Brotapolu hefði síðan sagt þeim að pabbi hennar væri alltaf að láta hana totta sig og svona. Vitninu hefði fundist þetta ótrúverðugt, hún hafi ekki vitað að pabbar væru að gera svona. En hún hafi farið að trúa henni því krakkar á þessum aldri viti ekki hvað svona orð eru. Hún hafi sagt móður sinni frá þessu sem hafi sagt henni að þetta væri bara misnotkun, að pabbi hennar væri bara ekki að gera rétt. Brotapolu hafi síðar sagt henni að pabbi hennar hefði ekki gert þetta. Það hefði verið þegar brotapolu hefði eiginlega verið búin að reyna taka þetta til baka, þegar barnaverndarnefndin hefði verið búin að taka hana af mömmu sinni. Hafi hún sagt að hann hefði ekki gert þetta. Þá hafi þær farið að tala við hana og sagt að þær vissu alveg að hann hefði gert þetta út af því að hún myndi aldrei segja neitt svona ef hann hefði ekki gert þetta og þá hafi hún ekkert neitað því og hún bara sagt, já, já, og síðan hafi þær knúsað hana og hún farið að gráta.

Vitnið þekkti leikinn SPHKLM og sagðist vita af því að brotþoli hafi verið í því með D... og H....

Vitnið H... gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 7. desember 2011. Hann kvaðst vera kominn fyrir dóminn vegna þess að pabbi einnar stelpu hefði notfært sér hana. Brotþoli hefði sagt vitninu að þegar þau ákærði væru ein heima væri hann að gera eitthvað svona. Hann kvaðst ekki þora að segja frá því í smáatriðum vegna þess að honum fyndist það allt of dónalegt. Nánar aðspurður sagði hann að brotþoli hefði sagt að ákærði hefði látið hana totta sig og eitthvað svoleiðis. Hún hefði bara sagt að þetta hefði byrjað í fyrra en vitnið vissi ekki meira. Vitnið og vitnið D... hefðu verið úti á róluvelli þegar brotþoli hefði sagt þeim frá þessu. Henni hefði liðið vel að tala um þetta. Vitnið kvaðst ætla að samtali þetta hefði átt sér stað í nóvember 2011. Vitnið kvaðst ekki hafa sagt neinum frá þessu. Hann kvað brotþola hafa verið hrædda um að ákærði myndi kannski meiða hana eða drepa ef hún segði frá þessu. Hann kvað hana hafa sagt að hún væri ekki að plata. Hann hafi ekki talað við hana um þetta eftir þetta samtali á róluvellinum.

Vitnið H... var yfirheyrður að nýju hinn 25. mars sl. í sérútbúnu yfirheyrsluherbergi í Dómhúsinu við Lækjartorg. Spurður um hvað brotþoli hefði sagt honum frá samskiptum sínum við föður sinn sagðist vitnið ekki muna neitt. Þau hafi verið á einhverjum rólu, hann D... og brotþoli. Þau hafi verið að tala saman. Vitnið sagðist ekki muna hvort þau voru í svonefndum SPHKLM leik. Brotþoli hafi talað eitthvað um pabba sinn en vitnið sagðist ekki muna hvað. Þó hafi það verið eitthvað kynferðislegs eðlis. Hann hafi ekki þorað að segja nokkrum frá þessu.

Í skýrslu sinni fyrir dómi við aðalmeðferð málsins hinn 22. febrúar 2012 skýrði vitnið B..., fyrrverandi eiginkona ákærða, frá því að samskipti þeirra ákærða hefðu verið góð. Þau sinntu börnum sínum og væru góðir vinir og hann hjálpaði til með börnin þegar hún bæði hann um það. Ekki hafi verið ákveðnar tímasetningar varðandi umgengni hans við börnin. Í júní, júlí og ágúst sl. hafi hann verið með börnunum meira og minna frá 9 á morgnana til 6 á kvöldin en hún hafi á þessum tíma sótt nám í Reykjavík. Hún kvaðst þiggja örorkubætur vegna vefjagigtar en endar næðu saman, en þyrfti hún á að halda leitandi hún til ákærða. Hún hefði leigt íbúðina af fasteignafyrirtæki frá desember 2008 til júní þegar ákærði hafi keypt hana. Aðspurð um samskipti sín við brotþola sagði vitnið að hún væri ákaflega sérstök stúlka, orkumikil, ákaflega sjálfstæð og hafi reyndar alltaf verið mjög sjálfstæð. Hún fari að heiman klukkan 10 að morgni og hún eigi það jafnvel til að koma ekki heim fyrr en sjö, átta á kvöldin. Hún sé ákaflega þrjósk, reyndar séu öll börnin hennar þannig, þau séu ákaflega sterk andlega. Hún sé mjög vel gefin stúlka og ákaflega glöð í sinni alla jafna.

Þær séu mjög nánar en auðvitað skerist í odda milli þeirra eins og gengur og gerist. Vitnið segi henni t.d. að hún eigi að koma beint heim úr skólanum, en hún geri það ekki, hún hringi ekki, heldur komi hún heim milli sjö og átta á kvöldin. Og þetta

hafi verið mikið ágreiningsefni á milli þeirra undanfarin ár. Samskipti ákærða og brotþola hafi alltaf verið góð, en þau hafi deilt umtalsvert vegna þess að bæði séu þau mjög þrjúsk. Deilur þeirra væru af sama toga og vitnisins og brotþola. Hún kæmi ekki beint heim úr skólanum, hún kæmi ekki heim með skólabækurnar sínar. Samskipti þeirra hafi verið eðlileg samskipti milli föður og dóttur. Ekkert hefði verið óeðlilegt í þeirra samskiptum. Aðspurð sagði vitnið að ákærði hefði drukkið eilítið á þeim tíma er hún fór til ... en það hafi verið samkomulag á milli þeirra um að þegar hann væri með börnin myndi hann ekki neyta áfengis. Hefði hann verið við drykkju hefði hún aldrei skilið börnin eftir í höndum hans. Hún hafi vitað að hann hefði byrjað að drekka í janúar-febrúar 2011 en það hafi ekki verið neitt stjórnleysi á því. Hún sé viss um að hann hafi ekki verið í sterkari efnum á tímabilinu janúar til júní-júlí. Eftir að hún hafi komið til baka frá ... hafi hún ekki orðið vör við breytingu á samskiptum eða í fari brotþola, hún hafi verið kát eins og alltaf. Hún hafi alls ekki breyst frá því að vera þessi káta stúlka sem hún hafi alltaf verið þangað til núna eftir að hún hafi verið sett í fóstur. Henni var bent á að í skýrslum frá kennurum og starfsfólki skólans kæmi fram að þau hefðu tekið eftir breytingum á brotþola sl. haust og sagðist hún hafi verið að velta þessu fyrir sér vegna þess að hún hafi verið með undirrituð gögn frá kennurunum um foreldraviðtal annars vegar frá því í júní og hins vegar frá því í nóvember. Þar staðfesti allir kennarar og lýsa því hversu kát og glöð stúlka hún sé, öllum líki við hana og henni líki í skólanum. Aðspurð um hvernig hún hefði fengið vitneskju um brotin sagðist hún hafa verið kölluð til viðtals hjá Félagsmálafjórðunginum á ... þar sem hún hafi hitt J... sem hafi sagt henni að stúlkan hefði sagt að ákærði hefði gert eitthvað við hana. Hún hafi ekki fengið að heyra nákvæmlega hvað það var, enga nánari lýsingu á atvikum, fyrr en eftir skýrslu í Barnahúsi og eftir að hún hefði talað við lögmann. Hún hafi fengið áfall er J... sagði henni frá þessu og hringt síðan í ákærða og spurt hann hvað væri í gangi. Brotþoli hafi verið með henni er hún fór til J... Hún hafi ekki rætt þetta við brotþola, enda hefði henni verið sagt að hún ætti ekki að ræða þetta við hana. Hún var spurð um komu sína á lögreglustöðina á ... með tölvu brotþola að morgni 30. nóvember. Hún kvaðst þá ekki hafa vitað nákvæmlega hvað hefði gerst. Hún kvaðst hafa haft þær upplýsingar, sem fram hafi komið um að hún byggi yfir, í skýrslu hennar hjá lögreglu 1. desember, frá réttargæslumanni brotþola eftir skýrslutöku af barninu í Barnahúsi en hún hefði rætt við réttargæslumanninn nokkrum klukkustundum eftir að brotþoli hafði gefið skýrslu sína. Á næstu dögum hafi hún rætt við brotþola og sagt henni að það eina sem skipti máli væri sannleikurinn. Hún kvað drauma hafa borið á góma vegna þess að J... hefði sagt henni eftir samtali við L..., bróður brotþola, að á einhverjum tímamarki hefði hann komið inn í herbergi þar sem faðir hans hafi verið að horfa á klámefni. Jafnframt hefði L... sagt vitninu að hann hefði séð klámefni á heimili vinar síns og stundum dreymdi hann það sem hann hefði séð. Því hafi hún spurt brotþola hvort hún hefði einhvern tíma séð klámspólur og hún svarað því játandi. Og vitnið hafi spurt stúlkuna hins sama, hvort hún hafi haft draumfarir á sama hátt og bróðir hennar. Hún hafi svarað því til að hún vissi það ekki, en það gæti verið. Vitnið hafi einungis spurt einu sinni en hún hafi spurt sig einhvern tíma að því hvernig hún myndi vita það hvort hlutir væru draumar eða raunveruleiki. Vitnið hafi sagt að það væri ekki visst, hún væri sú eina sem hefði svarið við þeirri spurningu. Nánar aðspurt sagði vitnið að þær hefðu átt tal um þetta einu sinni eða tvisvar og vitnið hafi sagt við hana að ef hún væri hundrað prósent viss um að eitthvað hefði gerst ætti ákærði skilið að fara í fangelsi vegna þess að fólk sem ætti við börn ætti að fara í fangelsi. En á sama hátt ef fullorðinn hefði ekki átt við barn ætti hann ekki heima í fangelsi. Spurð um hvort

hún hafi einhverju sinni sent brotþola upp í herbergi og sagt henni að hugsa alvarlega sinn gang, hvort þetta væri örugglega satt sem hún segði frá, sagði vitnið að hún hefði ekki sent hana upp í herbergi. Brotþoli hafi hins vegar verið að spyrja hana um muninn á draumum og veruleika. Klukkan hafi verið ellefu að kvöldi og vitnið hafi sagt við hana að hún yrði að hugsa sitt mál og að það væri kominn tími til að hún færi í rúmið. Hún kvaðst halda að hún hefði einhvern tíma sagt við brotþola að ef saklaus einstaklingur væri settur í fangelsi fyrir svona brot væru afleiðingarnar varðandi framtíð slíkra einstaklinga alvarlegar og tími sem væri þeim tapaður. Vitninu var bent á að samkvæmt vottorði Á..., sálfræðings í Barnahúsi, frá 17. janúar sl. hefði brotþoli það eftir vitninu hvernig farið væri með menn, sem gerðu svona lagað, í fangelsum, að þeir væru beittir ofbeldi og útskúfaðir af öðrum föngum. Vitnið kvaðst aldrei hafa sagt brotþola neitt slíkt. Hún kunni að hafa rætt á þessum nótum við vini sem hafi komið í heimsókn síðla kvölds og þau hafi verið að ræða málin. Hún myndi ekki til þess að hafa nokkurn tíma sagt þetta við brotþola. Spurð um það hvort það, að vitnið hafi rætt við brotþola um það hvort hana hafi hugsanlega verið að dreyma og talað um alvarlegar afleiðingar af því að saklausir menn fari í fangelsi, fæli í sér þrýsting á stúlkuna sagði vitnið að svo gæti verið ef hún þekkti ekki dóttur sína eins og hún gerði. Dóttir hennar sé ákaflega vel gefin stúlka og þegar hún segi eitthvað svona segi það vitninu að eitthvað sé ekki eins og það eigi að vera. Þetta hafi allt hafist á leiðinni í Barnahús, hún hafi spurt vitnið hvað hún ætti að segja, því hún myndi ekki hvenær þetta hefði gerst, hvar þetta hefði gerst, hún hafi ekkert vitað alla leiðina þangað til að þær hafi verið komnar að Barnahúsi og farið inn. Þetta hafi verið það fyrsta sem segði henni að það væri eitthvað sem gengi ekki upp hér. Þetta sé ellefu ára gömul stúlka og það sem hún ásaki föður sinn um sé ekki eitthvað sem hún gleymi. Þetta sé ekki fjögurra eða fimma ára gamalt barn, þetta sé ellefu ára gömul stúlka. Vitnið kvaðst nokkuð viss um að hún myndi muna eftir því ef hún setti lim í munn sér ellefu ára gömul. Vitninu var bent á að brotþoli hefði lýst atvikum og virst muna þau nokkuð vel. Vitnið sagði að hún hefði ekki verið spurð aftur eða yfirheyrð aftur um það hvort hlutir stæðust. Spurð um hvort hún teldi brotþola vera að segja ósatt sagðist vitnið halda að einhver hafi gert eitthvað við hana. Sjálf trúi hún því fast að tveir aðilar hafi átt þar hlut að máli á Skype-samskiptamiðlinum 9. nóvember. Þeir hafi sent henni myndir, hreyfimyndir eða vídeómyndir og beðið hana eða sagt henni að gera ýmislegt fyrir framan myndavél. Hún ætti að stunda sjálfsfróun, og að setja fingur upp í endaparm, alls konar hluti af þessum toga um þriggja vikna skeið, og daginn sem hún hafi ákveðið að hætta samskiptum við þessa tvo aðila, það er sama daginn og hún sagði vinum sínum frá þessu. Hún hafi verið svolítið hrædd við það að segja vinum sínum frá þessu því að þessar stúlkur séu núna á þeim aldri þar sem þær geri grín að samkynhneigðum konum. Það eina sem vitnið hafi rætt við brotþola varðandi þessi Skypesamskipti hafi verið að hún vissi ekki hverjir væru hinum megin. Hvort þetta væru karlar eða konur því að það hefði ekki verið myndavél þeim megin. Jafnframt hefði hún sagt henni að það sem gerðist í þessum Skype-samskiptum væri ekki hennar sök, og hún þyrfti aldrei að skammast sín fyrir þetta. Þarna sé um að ræða einstaklinga sem leiti að krökkum, litlum krökkum, og að þar sé vitnið í reyndar í sök, það hafi ekki verið nógu vakandi gagnvart þessu. Aðspurð sagði vitnið að stúlkan lygi um allt. Hún segist alls ekki hafa borðað allt nammið í kommóduskúffunni þó að allt nammið sé búið og hún hafi verið ein á heimilinu. Síðastliðin tvö ár hafi komið upp tilvik þar sem hún hafi stolið frá vinum sínum, stolið í ..., stolið eyrnalökkum í ... sem vitnið hafi ekki viljað kaupa handa henni. Einnig hafi hún verið að reykja með vinum sínum. Aðspurð um hvort ekki væri munur á að borða allt nammið í

nammiskápnunum og því að bera svo alvarlegar sakir á föður sinn sagði vitnið að þarna hefði verið hópur barna á skólalóðinni og þetta einhvern veginn standist ekki. Árið áður hafi vitnið talað alvarlega við þau tvö börn hennar sem fóru í skólann vegna þess að hún hafði heyrt að barnaniðingur væri fluttur á Hafi hún sagt við þau að ef einhvern tíma einhver snerti þau á óviðeigandi hátt ættu þau að koma beint til hennar, en brotþoli hafi ekki gert það. Þetta sé sama stúlkan og hafi flutt að heiman fimm sinnum, með veraldlegar eigur sínar í Bónuspoka, frá því hún var fimm ára gömul, vegna þess að hún hafi verið reið yfir því að hún fékk ekki að gista hjá vinkonu sinni. Einu sinni hafi hún flutt heim til vinkonu sinnar, E..., en móðir hennar hafi keyrt hana heim aftur.

Vitnið sagðist hafa átt nokkrar vídeóspólur sem hún hafi haft í kössum og myndirnar framan á þessum vídeóspólukössum séu ákaflega lýsandi og gætu þess vegna verið í samræmi við það sem hún hafi sagt síðar, og síðan hvítt á tungu á einum umbúðunum það gæti stemmt. Þetta hafi verið brotþola aðgengilegt og hún gæti hafa skoðað þetta í DVD-spilara sem hún hafi haft inni í herberginu. Hún viti fyrir víst að hún hafi séð þessar umbúðir eða kassa vegna þess að einu sinni hafi hún náð í þær og sýnt félaga sínum, og þó svo hún hafi verið snögg og falið þessar myndir fyrir aftan bak þá hafi brotþoli vitað um hvað þetta snérist. Uppáhalds sjónvarpsþáttur hennar heiti True Blood, og hafi vitnið stundum gripið hana í því að vera að horfa á þennan þátt. Vitnið hafi bannað henni að horfa á þáttinn, ekki síst vegna þess að kynlífssenuarnar í þáttunum séu hreint ótrúlegar. Brotþoli hafi fengið tölvu í jólagjöf árið 2010. Hugbúnaður sem heiti Familysafety eða fjölskylduöryggi hafi verið innifalið í hugbúnaðarpakkanum frá Word. Vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því þá að þetta hafi ekki áhrif á samskipti á Facebook og Skype. Hinn 6. janúar síðastliðinn hafi brotþoli átt að mæta í Barnahúsi. Hún hafi átt að hitta Á... sálfræðing í skólanum, en verið heima þennan dag með hálsbólgu og liðið illa. Strax klukkan átta um morguninn hafi vitnið reynt að ná í Á... með því að hringja í Barnahús. Á... hafi hringt til baka og vitnið sagt henni að brotþoli væri heima, hún væri veik, og að vitnið myndi ekki fara með hana veika niður í skóla. Jafnframt hafi hún sagt við hana ef að talið væri nauðsynlegt að hitta hana yrði að ákveða einhvern annan stað til þess. Það hafi verið eitt tilvik í desember þar sem vitnið hafi viljað breyta stefnumóti vegna þess að það hafi verið ósk brotþola að fá að ljúka við að gera jólagjafir sínar í listgreinum. Eftir að hún hefði reynt það hafi hún fengið símtal frá R... á lögreglustöðinni sem sagt hafi að henni væri hollast að mæta til þessa fundar. Skömmu síðar hafi hún fengið símtal frá J..., og hafi hún hótað að barnið yrði tekið úr vörslu hennar. Niðurstaða af desemberfundinum var að ákveðinn var nýr tími og Á... hitti brotþola þá. Varðandi 6. janúar hafi vitnið lagt fram tillögur í tvennu lagi, í fyrsta lagi að það yrði ekkert gert þennan dag og brotþoli fengi að ná sér eftir veikindin, ellegar þá að hún kæmi til ... og þær myndu hitta hana þar. Hún hafi ekki viljað fá aðra hótun svo hún hafi farið til fundar með stelpuna, og áður en hún, Á... og brotþoli hafi átt fund hafi hún farið inn og hitt hana, eins og hún sé vön, í 15 mínútur og rætt málin og hafi hún meðals annars viljað fá að vita hvernig stæði á því að brotþoli væri ekki spurð um tölvuna. Svárið sem hún hafi fengið hafi verið að ef að grunur léki á að brotþoli væri ekki að segja sannleikann myndi það koma í ljós á sex til átta mánaða meðferðartímabilinu. Hún hafi síðan gengið út og brotþoli farið inn og hitt Á..., en vitnið farið til fundar við J... og þær rætt sömu hluti. Vitnið hafi rætt um þessi tölvumál og spurt hvers vegna enginn beindi sjónum að þessu með tölvuna. Vegna þess að vitnið kveðst líta svo á að það sem hafi gerst þar sé álíka mikið brot og það sem hún sé að ásaka föður sinn um. Tölvusamskipti af þessum toga séu brot gegn

henni. Allt hafi þetta tekið um klukkutíma og korter eða svo og vitnið og brotaþoli hafi síðan farið klukkan 12:15 af vettvangi. Þær hafi sest upp í bílinn og vitnið ekið að lyfjabúðinni þar sem hún hafi keypt hóstasaft handa henni. Hún hafi spurt brotaþola hvort henni liði vel í sambandi við þessa meðferð og samskipti sín við Á.... Þá hafi brotaþoli sagt: „ok mamma ég þarf að segja satt“, og hafi hún sagt að sagan væri um tölvuna og að hún hafi beint sök að föður sínum vegna þess að hún vildi ekki að vinir hennar vissu allt varðandi tölvuna. Vitnið kveðst hafa sagt: „ok hvers vegna hefurðu hins vegar ekki sagt Á... þetta“. Hún hafi sagt á íslensku: „mamma ég er bara krakki þú ert foreldri, ég er hrædd að segja Á...“. Þetta sé nákvæmlega það sem hún hafi sagt við vitnið og hún hafi staldrað við í um korter til að velta vöngum yfir því hvað í ósköpunum hún ætti að gera. Hún hafi hringt í J..., en þá hafi klukkuna vantað sjö mínútur í eitt, og sagt J... hvað brotaþoli hefði sagt sér í bílnum, og beðið hana að koma þessum upplýsingum áfram til Á..., þannig að Á... gæti rætt við stúlkuna um þetta á næsta fundi þeirra. Vitnið hafi ekki haft hugmynd um það að hún hefði í raun sagt Á... frá þessu á fundinum 6. janúar áður en hún sagði vitninu þetta. Fjórum klukkutímum síðar hafi verið komið heim og barnið tekið úr vörslu hennar, af barnaverndarnefnd. Hún hafi á endanum samþykkt að hún færi af heimilinu svo fremi sem hún yrði sett í hendur fjölskyldu, það er að segja ættingja. Hún hafi ekki viljað að hún yrði sett í fósturumönnun hjá einstaklingum sem hún þekkti ekkert til. Brotaþoli hafi verið skelfingu lostin og grátið, og það jafnvel þrátt fyrir að vitnið hefði sagt henni í bílnum, eftir að brotaþoli hafði sagt henni það sem hún sagði þar, að það yrði enginn reiður við hana. Síðan hafi það gerst 19. janúar að barnið hafi verið tekið af heimili frænku sinnar án þess að vitninu væri sagt það. Barninu hafi verið komið fyrir í fóstri hjá fólki sem hún þekki ekki neitt. Þær mæðgur hafi átt samskipti á Facebook þar sem fram komi að hún hafi breytt sögu sinni og það hafi ekki verið fyrir tilstilli vitnisins.

Vitnið kvað brotaþola hafa verið með E... og móður hennar á ..., en vitnið verið heima með yngsta barnið, S..., en ákærði hafi verið úti með drengina. Hann hafi hitt brotaþola, sem verið hafi í fylgd E..., og látið hana fá peninga til að nota í leiktækin. Aðspurt um hvort ákærði hafi einhvern tíma verið einn heima með brotaþola svaraði vitnið neitandi. Þessir ... séu hálf klikkaðir dagar, mikið sé um drukkið fólk á ferli og vitninu líkaði ekki að börnin væru mjög mikið úti við akkúrat þá. Aðspurð um þá frásögn brotaþola að ákærði hafi sagt að þetta væri hollara en vatn sagðist vitnið minnst þess að hafa lesið eitthvað í þessa veru, á einhverri heimasíðu sem hún hafi verið að skoða. Hún hafi haft orð á þessu við ákærða og hlegið að þessu. Hún kvað brotaþola hafa getað heyrt þetta.

Vitnið B... kom fyrir dóm að nýju hinn 3. apríl sl. Hún kvað samskipti þeirra ákærða fyrst og fremst hafa snúist um börnin en þau eigi fjögur börn saman. Samskiptin hafi verið góð, hann hafi verið heima hjá börnunum ef vitnið þurfti að bregða sér af bæ eða hitta vini sína. Hann hafi tekið þátt fjárhagslega og hann hafi keypt hús það sem þau bjuggu í á árinu 2011. Samskipti við brotaþola hafi verið eðlileg samskipti föður og dóttur, stundum voru þau vinir og stundum deildu þau eins og gengur. Hún hafi ekki orðið vör við neina breytingu í fari brotaþola eftir að hún kom heim úr ferð sinni til ... í maí og júní 2011. I... og J... hjá ... hefðu sagt henni frá málinu, þær hafi hringt í hana 28. nóvember 2011 og sagt að hún yrði að koma á fund með þeim. Henni hefði brugðið við fréttirnar. Hún hafi ekki rætt við

hana hvað hefði gerst enda verið ráðlagt að gera það ekki. Hún hafi síðan fundið tölvu brotþola og fundið þar efni þar sem ýmsir hefðu verið að biðja hana um að gera ýmislegt fyrir framan myndavél. Hún hafi afhent lögreglu þetta efni strax. Hún hafi ekki rætt málið við brotþola og jafnvel þegar hún fór í Barnahús hafi vitnið ekki vitað hvað væri í gangi fyrr en réttargæslumaður brotþola hefði sagt henni það. Þó nokkrum tíma eftir að þetta var hefði hún spurt brotþola um hvað hefði raunverulega gerst. Hún hafi spurt brotþola hvort hana hefði dreymt þetta en minntist þess ekki að hafa sent hana upp í herbergi sitt til þess að hugsa sinn gang. Hún hafi ekki rætt hvað komi fyrir kynferðisbrotamenn í fangelsi. Aðspurð um að fram hafi komið í skýrslu brotþola í Barnahúsi að vitnið hefði sagt henni að menn í fangelsi yrðu fyrir aðkasti sagði vitnið að hún hefði rætt það við brotþola að þeir sem snerti börn eigi að fara í fangelsi. Spurð um hvort eitthvað í samskiptum þeirra mæðgna hafi gefið brotþola tilefni til þess að ætla að móðir hennar tryði ekki frásögn hennar, svaraði vitnið neitandi og sagðist alltaf hafa sagt henni að það sem skipti máli væri það sem brotþola fyndist. Hún kvað brotþola hafa verið sorgmædda á meðan á vist hennar í fóstri stóð. Hún hafi verið mjög hamingjusöm er hún kom heim úr fósturvist hinn 27. mars 2012. Hún hafi sagt að hún vildi ekki fara til Á... sálfræðings aftur. Brotþoli hafi sagt að ásakanir hennar á hendur ákærða væru ekki sannar. Hún hafi viljað segja frá málinu frá sínum sjónarhóli og því gert myndband. Það hafi verið hugmynd þeirra beggja að það var gert, hún hafi viljað tala um þetta en enginn hafi trúað henni. Eftir að hún hafi komið heim úr fósturvist hafi hún verið kát og glöð. Þær hafi ekki rætt þetta mál á síðasta ári. Þær hafi hætt að eiga fundi með Á... en brotþola hafi ekki líkað við hana. Vitnið hafi talið að það gæti valdið brotþola tjóni ef hún væri í meðferð hjá meðferðarfulltrúa sem hún vildi ekki hitta og betra að hún væri í meðferð hjá einhverjum öðrum. Vitnið kvaðst hafa farið með brotþola að hitta yfirlækni barna- og unglingageðdeildar á Akureyri, Pál Tryggvason. Þær hafi hitt hann í einn dag í sex klukkustundir. Önnur meðferð hafi ekki verið í gangi en síðan hafi hún átt fund með Önnu Kristínu Newton og Bernard Lauth. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna brotþoli hefði sagt að faðir hennar hefði misnotað hana. Vitnið sagði aðspurð að þær mæðgur hefðu verið mjög nánar áður en mál þetta kom upp en eftir það séu þær enn nánari. Hún hafi á sínum tíma brýnt fyrir börnum sínum að láta sig vita ef einhver kæmi fram við þau á óeðlilegan hátt. Hún hafi snemma fengið efasemdir um að upphafleg saga væri rétt. Á þeim tíma sem þetta hefði átt að gerast hefði hafi tíu ára sonur þeirra verið með föður sínum og hann myndi aldrei hafa vikið frá hlið föður síns og þriggja ára sonur þeirra hefði ekki alltaf farið á leikskólann vegna þess að feðgarnir hefðu verið saman. Hún hafi talað við ákærða og börnin þrisvar til fjórum sinnum á dag er hún var í Síðan hafi hún fundið efnið af Skype í tölvu dóttur sinnar og ýmislegt í því efni svipað til þess sem brotþoli hafi verið að tala um. Hafi efasemdir hennar aukist við þetta. Þá hafi ekkert varðandi brotþola sjálfa gefið til kynna að eitthvað væri að.

Vitnið Bertrand Lauth barna- og unglingageðlæknir sagði um mat Önnu Kristínar Newton að þau væru sammála um niðurstöðu. Þau hefðu unnið þetta saman en notað mismunandi nálgun. Hann hafi reynt að fókúsera á þroska og andlegt heilbrigðisástand brotþola, hennar þroskasögu og reynt að taka afstöðu með þær greiningar sem lágu fyrir. Einnig í sambandi við tengsl hennar og viðhorfi til foreldra að einhverju leiti, Anna hefði gert það líka. Anna hafi í rauninni farið ítarlega yfir frásögn hennar og lýsingum af atvikum. Mat hans sé í raun byggt á

tveimur greiningarviðtölum við móður sem farið hafi fram á ensku og einu greiningarviðtali við brotapolu. Tekið sé tillit til allra upplýsinga sem liggja fyrir úr þroskasögunni og frá foreldrum og kennurum, matslistum úr greiningarviðtölum og niðurstöðum frá því sem Anna hafi lagt fyrir, sem sagt þroskamát og spurningarlista líka og viðtöl. Brotapoli hafi glímt við ADHD frá unga aldri og ekkert merkilegt í því. En hins vegar hafi dregið mikið úr alvarleika og áhrifum einkenna á grunnskólaaldri og í dag séu í rauninni ekki nógu alvarlegar ábendingar sem gefi tilefni til meðferðar. Það sé ljóst líka að hún hafi glímt alla tíð við einhverskonar hegðunarerfiðleika. Til dæmis tilhneigingu til þess að ljúga, stela og virða ekki reglur. Þessir erfiðleikar séu líka undir greiningarviðmiðun. Um sé að ræða stúlku sem sé að ljúga sig úr erfiðum aðstæðum eins og oft sé um börn með ADHD, sem eigi erfitt með að aðlagast aðstæðum og ljúgi sig úr aðstæðum. Hún hafi stolið aðeins en bara litlum munum, litlum upphæðum frá mömmu sinni. Litla muni frá vinum sínum, eitthvað svoleiðis. Hún hafi líka óvirt reglur en ekkert á alvarlegan hátt. Þetta sé stúlka sem hafi á ungum aldri verið mikið eftirlitslaus. Hún hafi oft verið úti að leika sér ein eða með sínum vinum. Svo komi fram einhver streitueinkenni líka en það sé svolítið erfitt að taka afstöðu með því af því að hún hafi náttúrulega lent í ítarlegum áföllum. Vitnið geti ekki í rauninni sagt meira hvers konar áföll í raun og veru en bara með því að vera tekin af hennar heimili af lögreglu og vistuð skyndilega á fósturheimili hafi hún upplifað sem áfall. Hún hafi líka lent í einelti og sé í rauninni í dag svolítið einangruð félagslega. Hún hafi misst vinkonur sínar og upplifi það að það sé allsstaðar talað um hennar erfiðleika og þessa sögu á Hún tali um fordóma og höfnun af sínum jafnöldrum út af því. Móðir kvarti líka yfir því að það hafi verið mikið talað um þetta í blöðum og þetta hafi bitnað rosalega mikið á brotapolu, allt sem gerst hafi í kringum þetta mál. Hún hafi verið greind með ofvirkniröskun á leikskólaaldri af einhverjum barnalækni og verið sett á lyfjameðferð með rítalíni, en hætt fljótlega á þeirri meðferð vegna aukaverkana. Svo hafi hún hugsanlega ekki þurft frekari meðferð eftir þetta.

Um tengsl mæðgnanna sé margt í þroskasögu brotapolu sem bendi til þess að hún hafi glímt við einhvers konar tengslaröskun. Margt bendi til þess að hún hafi ekki verið mjög nán mömmu sinni og hafi ekki treyst henni sem uppalandi alveg eins og hún geri í dag. Hún treysti mömmu sinni í dag og sé mjög nán henni. Hún hafi áhyggjur af hennar líðan og það sé gagnkvæmt, móðir skynji hana ágætlega. Hún sakni líka pabba síns og hafi mikinn áhuga á að hitta hann aftur og fá að kynnast honum betur. Spurður um þau ummæli í niðurstöðukafla í samantekt vitnisins, að hún virðist tilbúin til þess að fórna sannleikanum til þess að hjálpa foreldrum sínum gegnum kerfið, dómskerfið. segir vitnið að hún hefði svolítið tilhneigingu til að kenna kerfinu um, eins og börn kenni öðrum um eigin mistök einhvern vegin. Þetta sé allt þeim að kenna, og núna vilji þau ekki viðurkenna að þau hafa gert mistök. Hún tali um þær ákvarðanir sem hafi verið teknar. Hún afneiti svolítið hlutum með þessum hætti að menn vilji ekki viðurkenna sín mistök núna í dag og allt sé öðrum að kenna. Það sem hafi mest áhrif á hana í dag séu þessar áhyggjur varðandi mömmuna, að henni líði illa yfir þessu og kenni sjálfri sér um og vilji bjarga henni einhvern veginn. Vitnið kvaðst sammála niðurstöðu í skýrslu Önnu Newton um framburð brotapolu í Barnahúsi. Hann kvað það hafa komið mjög skýrt í viðtölum að brotapoli hafi verið vitni af pabba sínum sem var að horfa á klámmyndir nokkrum sinnum í gegnum tíðina. Ítrekað aðspurður um hvað vitnið eigi við með því að stúlkan sé reiðubúin að fórna sannleikanum sagði hann að það sem hún hugsi fyrst og fremst um sé að þóknast mömmu sinni og bjarga henni úr hennar erfiðleikum í dag. Hún upplifi að mamma sé í vandræðum við dómsmálakerfið og

pabbi líka og vilji bjarga þeim úr því. Þetta sé eðlilegt hjá barni á þessum aldri að hugsa svoleiðis. Spurður um hvers vegna þau Anna Newton skiluðu ekki sameiginlegri skýrslu sagði vitnið að þau hefðu tekið sér

góðan tíma til að skrifa skýrsluna og gert það í sitt hvoru lagi en hún noti líka öðruvísi nálgun. Hún leggi fyrir greindarpróf, ákveðna lista líka og fari ítarlega yfir þessa atburði með brotþola. Honum hafi alls ekki þótt þær aðferðir rangar. Þau hafi haft mismunandi bakgrunn og greiningaraðferðir en í hans samantekt segi hann að hann hafi samt tekið tillit til upplýsinga sem hún hafi fengið til að skrifa samantekt.

Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hvort fyrri saga brotþola eða sú síðari væri rétt.

Vitnið Anna Kristín Newton kom fyrir dóm hinn 3. apríl sl. Kvaðst hún byggja niðurstöður sínar í matsgerð á viðtölum við brotþola og móður hennar, gögnum þeim sem fyrir lágu er matið hófst. Einnig hafi hún lagt fyrir brotþola ýmis sálfræðileg próf og aðra matslista sem og notaðist við sérstaklega aðferð til þess að meta þau gögn sem fyrir hafi legið. Brotþoli hafi gefið henni þá skýringu fyrst og fremst að hún hafi ekki sagt satt og rétt frá og hún vildi leiðrétta það. Hún hafi sagt ósatt um pabba sinn en ekki getað svo sem gefið skýringar á því af hverju hún leitaði í þá sögu almennilega. Þær skýringar sem hún hafi gefið hafi verið mjög óljósar samanborið við það sem hún hafi sat frá þegar hún var í Barnahúsi. Vitninu hafi fundist það ákveðið misræmi að hún hafi ekki getað fært í orð af hverju hún hafi gripið til þess að segja að faðir sinn hafi beitt hana kynferðisofbeldi. Hún kvað brotþola hafa gefið skýringar með vísan til samskipta sem hún hefði átt á Skype, eigið ímyndunarafl og það að hafa séð ákærða horfa á klám. Virtist henni það vera stutt gögnum að einhverju leiti að pabbi hennar hafi vissulega horft þarna á eitthvað efni. Hann hafi að vísu vísað henni á burtu. Þá hafi þau Skype samskipti em hún hafi lýst ekki verið í samræmi við þá kynferðislega hegðun sem hún hafi borið upp á pabba sinn. Það sé ekki sama gjörðin sem hún lýsi í Barnahúsi og átt hafi sér stað í Skype samskiptunum. Vitninu hafi fundist umhugsunarvert að 11 ára gamalt barn væri í slíkum samskiptum. Börn sem hafi orðið fyrir kynferðislegum samskiptum séu með mjög óljós kynferðisleg mörk oft á tíðum og taki þátt í kynferðislegum athöfnum sem þau mundu annars ekki hafa gert. Upplifun hennar af þessum Skype samskiptum séu mjög ótilfinningatengdar. Hún segi reyndar að henni hefði fundist þetta óþægilegt og hún hafi ekki gert allt sem hún hafi verið beðin um þó hún sagðist hafa gert það skriflega. Brotþoli hafi sagt vitninu í upphafi að þegar vitnið hitti hana í fyrsta skipti að pabbi hennar hafi ekki gert þetta. Það hafi verið í eina skiptið sem hún hafi sagt það alveg skýrt. Vitnið kvað brotþola vera almennt sefnæma ekki bara endilega í tengslum við þetta. Hún hafi tilhneigingu til þess að efast um sín eigin gildi. Hún sé þarna tveimur staðalfrávikum frá jafnöldrum sínum í raun og veru í slíkum aðstæðum. Hún vilji halda þeim sem eru nærri henni góðum eins og börn vilji mjög gjarnan. Tengsl við móður væru bara nokkuð góð. Vitnið sagði að miðað við þær rannsóknarniðurstöður sem liggja fyrir úr stórum rannsóknum erlendis frá, sé vitað að ef það eru nán tengsl milli geranda og brotþola sé líkleggra að barn dragi til baka áskanir sínar ef það upplifi að það hafi áhrif á sína nánustu fjölskyldu þar á meðal þá móður og systkini ef svo beri undir. Það skipti líka máli hvers konar stuðning barn fái frá aðalforsvarsaðila sem sé ekki innvinlaður í málið. Vitnið dró þá ályktun að leitast hafi verið við að koma inn

ákveðnum efa hjá brotþola eða að hún sem barn hafi getað upplifað það. Yngri börn séu líklegri til að draga frásagnir til baka heldur en eldri og þá sé yfirleitt miðað við 13-14 ára aldurinn. Eftir það sé ólíklegra að þau dragi til baka. Það að brotþoli hafi verið tekin af heimili sínu hafi haft mjög neikvæð áhrif, vitað sé að það hafi neikvæð áhrif á börn að vera færð í fóstur, sama undir hvaða kringumstæðum það er. Um aðferð við að meta framburð brotþola í Barnahúsi sagði vitnið að ekkert eitt atriði sé nauðsynlegt né nægjanlegt til þess að skera úr um það en það sé vissulega þannig að því fleiri atriði sem hægt sé að merkja því líklegra sé það að frásögn sé trúverðug. Það eigi þá einkum við persónulegar upplifanir þ. e. þær hugsanir, hegðanir, dæmi sem þau geti gefið af skynjun, orðtiltækjum, óvæntum uppákomum og öðru slíku. Hún kvað brotþola hafa skýrt það ágætlega hvernig það kom til að hún hafi farið að segja frá atvikum. Hún hafi verið þarna í leik með vinkonum sínum sem hafi falið í sér að segja frá sínu mestu leyndarmáli. Þar hafi hún uppljóstrað um þessa meintu misnotkun. Til þess að geta komið með jafn greinargóða lýsingu og brotþoli hafi gefið í Barnahúsi þurfi viðkomandi að hafa einhverja vitneskju til þess að móta þessa frásögn í. Vitnið kvaðst draga í efa að það hafi verið auðvelt að gera það fyrir ellefu ára gamalt barn, sem eigi ekki að hafa haft mikla kynreynslu. Af því að hún hafi gefið þarna mjög afgerandi dæmi um hvað hafi átt sér stað.

Vitnið K..., námsráðgjafi í ..., sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, að mánudaginn 28. nóvember 2011 hefðu tvær stelpur úr sjöunda bekk komið til hennar og sagt henni að þær hefðu komið á lóðina við ... á sunnudeginum og þar hefði brotþoli verið að leika sér við vinkonu sína, E.... Og þær hafi farið að tala við þær og þá hefði brotþoli sagt við þær að pabbi hennar væri að misnota hana. Og hann væri að sleikja á henni píkuna, strjúka bringuna, láta hana totta sig og þegar hún skyrpti brundinum út úr sér þá hefði hann sagt að þetta væri betra fyrir hana en vatn. Og hún þyrði ekki að segja frá þessu því hann væri búinn að segja að ef hún segði frá þá myndi hann henda henni út og að þetta hefði ekki gerst síðan um sumarið en hún væri hrædd öll kvöld. Þetta hafi þær sagt vitninu að hún hefði sagt. Vitnið sagði að ekkert löngu áður hafi umsjónarkennari komið til hennar og haft áhyggjur af því að henni fyndist hún daprari og geta einbeitt sér minna og hefði lækkað í einkunnum.

Vitnið K... kom fyrir dóm að nýju 3. apríl sl. Hún kvað F... og G... hafa komið til sín og sagt henni að brotþoli hefði dregið frásögn sína til baka. Hins vegar mundi hún ekki hvenær það var.

Vitnið T..., skólastjóri ..., skýrði frá því í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, að námsráðgjafi hafi haft samband við hana eftir að stúlkurnar hefðu komið til hennar. Hún sagði að þau hefðu haft áhyggjur af því að brotþoli hefði hrapað í einkunnum í haust. Kennarar hafi haft samband við vitnið og sagði vitnið að brotþoli hefði farið frá því að vera ágætis meðalnemandi í það að vera slakur.

Kennari hennar hefði rætt um þetta í nóvember áður en mál þetta kom upp. Þær hefðu haft áhyggjur af hvers vegna hún væri að hrapa svona í einkunnum. Hún kvað það aldrei hafa komið inn á borð hennar að brotaþoli hefði sagt ósatt. Hún kvað námsmat í júní vera gefið út á skólaslitadegi sem sé 3. eða 4. júní. Aðspurð um hvort lýsing í námsmati, þar sem fram komi að brotaþoli sé hress og káta stelpa sem gaman sé að hafa í kringum sig, samræmist áhyggjum hennar segir vitnið að kennari hafi komið til hennar þegar hún var að gera vitnisburð í nóvember og hafði áhyggjur af því að brotaþoli væri að lækka í einkunnum. Það að hún lækkaði svona í einkunnum hafi ekki komið inn á borð hjá henni fyrr.

Vitnið T... kom fyrir dóm að nýju hinn 3. apríl sl. en ekki þykir þörf á að rekja framburð hennar hér.

Vitnið U..., umsjónarkennari í ..., kvaðst í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, hafa kennt brotaþola í tvö ár. Hún lýsti henni sem yndislegri, líflegri og hressri yfirleitt, og bara sem mjög góðum bekkjarfélagi. Hún hafi aldrei þurft að hafa samband heim vegna þess að tala þyrfti um eitthvað sem hefði komið upp á. Hún hafi ekki staðið brotaþola að ósannsögli. Hún sé hreinskilin og góð í spjalli um hluti sem komi upp á í stelpuhópum. Hún hafi ekki upplifað að brotaþoli væri þrjúsk og þver og ætti erfitt með að viðurkenna veikleika sína eða eigin sök. Hún hafi ekki tekið eftir breytingu á henni undir vor. Hún hafi talað um það, þegar móðir hennar var úti, að hún hefði viljað fara með og að hún saknaði hennar og hlakkaði til þegar hún kæmi og hafi talað mikið um það. Námsmat í júní miði við próf tekin í maí. Aðspurð um hvernig brotaþola hafi gengið í haust sagði vitnið að sér hefði fundist hún eiga erfiðara með einbeitingu, hún hafi setið meira svona „passívari“, vitnið hafi þurft svolítið að minna hana á og ýta á hana að nú skyldi hún halda áfram og koma sér að verki. Hún hafi ekki verið sami orkuboltinn og hún hefði verið. Í könnunum og öðru hafi vitnið tekið eftir því að vinnusemin hefði minnkað. Hún hafi sleppt meira úr, gefist auðveldar upp. Þannig hafi vitnið tekið eftir breytingu á henni á haustönn. Það hafi verið fljótlega upp úr því að skólinn byrjaði en það hafi verið í lok ágúst. Eftir könnunina hafi vitnið talað við námsráðgjafann um að henni fyndist brotaþoli hafa heldur dalað í einbeitingu og öðru, til að fá ráð hjá henni um hvað vitnið gæti gert í því. Hún kvað foreldra hafa komið til sín og sagt frá málinu og sagt vitninu hvað dóttir þeirra hefði sagt og vildu koma upplýsingum áfram. Dóttir þeirra hefði sagt þeim að ákærði hefði misnotað brotaþola en lýstu því ekki nánar. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt atburðinn sjálfan við brotaþola eða skólasystur hennar. Þær hafi komið til hennar og sagst vera stressaðar og að þeim liði illa. Brotaþoli hafi verið ofsalega aum fyrst eftir að málið kom upp en vitninu fannst að núna upp á síðkastið væri hún að verða líkari sér aftur. Aðspurð um mismun á námsmati og lýsingu á ástandi brotaþola sem fram komi nú og í skýrslu vitnisins hjá lögreglu sagði vitnið að með námsmati væri reynt að peppa krakkana upp. Yfirleitt sé reynt að skrifa þannig að þau séu hvött til þess að vera áfram. Vitnið kvað brotaþola hafa talað um að hún kviði fyrir jóluunum. Af því að nú yrðu þau öðruvísi en áður og hún hafi talað um það við vitnið að hún hefði áhyggjur af því að það yrðu ekki til peningur á heimilinu til þess að kaupa föt og mat og hafa jólin eins og venjulega.

Vitnið U... kom fyrir dóminn að nýju 3. apríl sl. Ekki þykir þörf á að rekja framburð hennar hér.

Vitnið Ú..., móðir G..., sagðist í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, hafa frétt af málinu þegar hún sótti dóttur sína eftir að hún hafði hitt brotþola og hún strax sagt vitninu hvað brotþoli hefði sagt. Sagði vitnið brotþola hafa sagt dóttur hennar að ákærði hefði látið hana totta sig og að hann hefði sleikt á henni klofið. Hann hefði verið að strjúka henni og henni liði illa. Hún færi oft að gráta þegar hún færi að sofa, hún vildi ekki fara heim og hún væri hrædd við að fara á blæðingar af því að hún héldi að pabbi hennar myndi ríða sér. Þetta hafi verið á sunnudegi í lok nóvember. Hún hefði sótt dóttur sína á skólalóðina þar sem hún hefði verið að renna sér í snjó. Ekki hafi komið fram hvenær þetta hefði átt að gerast. Hún hefði notað orðið alltaf þannig sagði vitnið spurt um hversu oft þetta hefði gerst. Hún kvaðst ekki þekkja brotþola, dóttir hennar og hún hefðu ekki verið mikið saman.

Vitnið V..., móðir F..., sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, að dóttir hennar hefði komið heim á sunnudegi í miklu uppnámi eftir að hafa verið með nokkrum vinkonum sínum. Hafi brotþoli, sem væri ári yngri, sagt þeim að pabbi hennar hefði misnotað hana. Hafi dóttir vitnisins sagt henni að brotþoli hefði sagt að ákærði hefði látið hana totta sig og að brotþoli hefði fengið sæði frá honum upp í sig. Hafi vitnið stoppað hana og ekki viljað heyra meira. Ekkert hefði komið fram um hversu oft þetta hefði átt sér stað. Vitnið kvaðst ekki þekkja brotþola en dóttir hennar og hún væru ekki nánar vinkonur.

Vitnið Y..., móðir E..., vinkonu brotþola, sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, að þær vinkonurnar hefðu verið að leika sér saman um daginn. Um kvöldið hafi dóttur hennar gengið illa að sofna og verið grátandi uppi í rúmi og þegar foreldrar hennar hafi gengið á hana hafi hún sagt að brotþoli hefði sagt að ákærði hefði nauðgað henni og hún hefði þurft að sleikja á honum typpið og það hefði komið eitthvað hvítt úr typpinu. Vitnið kvað dóttur sína ekki hafa sagt hvenær þetta hefði gerst og þau ekki spurt hana frekar um atvik. Vitnið kvaðst þekkja brotþola vel og sagði að hún væri bara indæl stelpa, bara svona venjulegt barn. Vitnið hefði ekki orðið vart við ósannsögli eð eitthvað slíkt í fari brotþola. Þegar hún var lítil hafi hún einhvern tíma stolið „petshop-köllum“ frá E.... Það væri eina tilvikið sem hún myndi eftir.

Vitnið Brynjar Emilsson sálfræðingur gaf skýrslu fyrir dómi í síma hinn 22. febrúar 2012 þar sem hann staðfesti sálfræðimat það er hann hafði framkvæmt á ákærða.

Þá kom hann fyrir dóm hinn 3. apríl sl. og gaf skýrslum síma sem ekki þykir þörf á að rekja hér.

Vitnið Jón R. Kristinsson barnalæknir, sem kom fyrir dóm hinn 22. febrúar 2012, staðfesti um síma vottorð sitt og Ebbu Margrétar Magnúsdóttur frá 21. desember 2011 um skoðun á brotþola þar sem segir að stúlkan sé eðlilega þroskuð 11 ára gömul, 37 kg að þyngd og 146,5 cm á hæð. Hún komi vel fyrir og svari spurningum skýrt og greinilega og beri ekki með sér neina hræðslu eða kvíða. Við almenna skoðun væri hvergi að sjá ytri áverkamerki á telpunni. Hún væri rétt að byrja í kynþroska með Tanner stig I-II á brjóstum og Tanner II á kynfærum þar sem væri rétt byrjandi vöxtur á kynfærahárum. Vitnið kvað engin merki um endaparmsmök eða tilraun til þeirra hafa getað sést við skoðunina.

Vitnið gaf skýrslu um síma hinn 3. apríl sl. en ekki þykir þörf á að rekja skýrslu hans hér.

Vitnið Ebba Margrét Magnúsdóttir sem kom fyrir dóm hinn 22. febrúar 2012 staðfesti vottorð þeirra Jóns Kristinssonar frá 21. desember 2011 í síma og kvað ekkert óeðlilegt hafa komið fram við skoðunina. Vitnið bar á sömu lund og Jón Kristinsson um að engin merki um endaparmsmök eða tilraun til þeirra hafa getað sést við skoðunina.

Vitnið J..., félagsráðgjafi hjá ..., kvað í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, þær I... yfirfélagsráðgjafa hjá fjölskyldustofu ..., hafa talað við brotþola og móður hennar og hafa skýrt B..., móður brotþola, frá því hvað gerst hefði og að brotþoli þyrfti að fara í Barnahús og gefa skýrslu. Síðan hafi vitnið verið beðið um að veita B... stuðningsviðtöl og hafi vitnið gert það. Síðan hafi vitnið rætt við L..., son B..., líka þar sem lögreglan var að velta fyrir sér og einnig barnaverndin hvort hann þyrfti að fara í viðtal í Barnahús. Hann hafi sagt vitninu það sem hann hafi vitað um þetta mál. Hann hefði séð ákærða í tölvunni að skoða klámefni. Síðan hafi hann talað um spólur, vídeóspólur sem hann hefði séð hulstrin af. Hann hafi neitað því að hafa séð ákærða gera eitthvað við brotþola. Hann hafi haft eftir móður sinni að faðir hans væri kominn í fangelsi af því að hann hefði gert eitthvað við brotþola. Þær hefðu fyrst talað við B... og skýrt málin út fyrir henni og síðan kallað brotþola inn. Brotþoli hafi eiginlega bara verið stjörf. Hún hafi mjög mikið verið að skoða viðbrögð mömmu sinnar og verið svolítið hrædd. En í sambandi við hvað hún þyrfti að gera, að fara í skýrslutöku í Barnahús og allar þær útskýringar hafi hún bara jánkað því og ekki spurt eða beðist undan því eða neitt slíkt. Um tildrög þess að brotþoli var vistuð utan heimilis sagði vitnið að B... hefði í þessu fyrsta viðtali líka verið stjörf og í áfalli en farið í svolitla vörn og strax

komið upp efasemdir hjá þeim I... um hvort hún gæti stutt brotþola. Í viðtölum sem vitnið hefði síðan átt við B... hafi hún verið gríðarlega reið og komið með mikla gagnrýni á allt sem viðkom rannsókninni, bæði hjá lögreglu og Barnahúsi. Hún hafi í raun og veru ekki mikið notað viðtölin í því skyni að hjálpa brotþola eða styðja hana heldur hafi meira borið á þessari reiði, sem vitnið hafi túlkað svo að hún þyrfti að tjá, og væri svo sem góður staður fyrir hana að geta tjáð sig um það og vitnið gæti þá bent henni á hvernig hún sæi hlutina. Hún hafi verið mjög gagnrýnin á brotþola, talað um að hún hefði mikið stolið og logið og svo framvegis. Vitnið kvaðst hafa bent henni á það að út frá sínum fræðum og því sem vitnið þekkti væri það líka eitthvað sem væri mjög þekkt þegar börn hefðu sætt kynferðisofbeldi. Síðan hafi þetta haldið svona áfram og vitnið verið í sambandi við Á..., meðferðaraðila í Barnahúsi, í samræmi við vinnureglur um börn sem séu í meðferð á þeirra vegum í Barnahúsi. Á... hefði líka hitt B... og hafi þær báðar haft áhyggjur af því hvort hún gæti fylgt ráðleggingum þeirra, þ.e. að ræða ekki málið við brotþola að fyrri bragði. Ekki nema brotþoli spyrði um einhverja ákveðna hluti þá gæti hún svarað því. Síðan hafi það þróast þannig að hún hafi ætlað að hamla viðtali við Á... fyrir jóla og síðan hafi komið upp einhver umræða í viðtali við Á... sem þeim fannst benda til að hún virti ekki hlutleysi við brotþola. Hún hafi reynt að sannfæra þær fyrir jóla um að hún myndi ekki ræða málið og síðan hafi þetta komið upp eftir áramótin. Þeim hafi fundist þetta tengjast því þegar gæsluvarðhaldsúrskurður væri að renna út. Þeim hafi fundist að brotþoli væri ekki nægjanlega örugg og fengi ekki það næði sem þær hafi talið að hún þyrfti til að vinna í sínum málum og fá sína meðferð.

Um viðtal föstudaginn 6. janúar, sem Á... átti við brotþola á skrifstofunni hjá vitninu, sagði vitnið að Á... hitti börnin yfirleitt alltaf í skólanum en þarna hafi brotþoli verið veik þannig að það hafi orðið að samkomulagi að hún kæmi og hitti hana á bæjarskrifstofunum af því að B... hafi þá átt viðtal við vitnið á sama tíma. Á... hafi rætt við B... og síðan ræddi hún við vitnið og loks hafi hún rætt við brotþola. Þarna hafi komið upp sú skýring hennar að brotþoli hafi viljað meina að hún hefði sagt að ákærði hefði gert þetta út af þessum Skype-samskiptum. B... hafi sagt þetta við vitnið og síðan við Á... og síðan hafi brotþoli endurtekið það við Á... Brotþoli hafi verið mjög lasin, með hita og fannst vitninu hún eiginlega vera of lasin til að vera í viðtali. Hún hafi verið með hita og mikinn hósta og fól. Vitnið kvaðst hafa hitt brotþola bæði eftir vistun hennar hjá N... frænku sinni þar sem hún var frá 6. janúar til 20. janúar. Hafi henni verið farið að líða betur og hún orðin svona bragglegri og látið mjög vel af sér. Hún hafi vissulega sagst sakna mömmu sinnar og bræðra og hundanna og allt það. En hún hafi einhvern veginn sýnt því ákveðinn skilning að þetta væri svona. Hún hafi verið mjög glöð að komast upp á ... og þó að þetta væri fólk sem hún hafi ekki þekkt hafi hún komist í sinn skóla og til vinanna og hafi látið vel af sér þar.

Aðspurt sagði vitnið að B... hefði hringt í sig rétt fyrir klukkan eitt. Viðtalið hefði klárast um tólf og þegar hún hafi komið út í bíl á hafi brotþoli sagt henni að hún vildi segja satt. Hún hefði ekki þorað að segja Á... það þannig að það hafi í raun og veru ekki verið inni í viðtalinu.

Vitnið J... kom aftur fyrir dóm hinn 3. apríl sl. Ekki þykir þörf á að rekja skýrslu hennar hér.

Vitnið Á..., sálfræðingur í Barnahúsi, greindi frá því í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, að svo sem framkomi í fyrsta vottorði hennar frá 13. desember 2011 að brotþoli hefði mætt með móður sinni, það hafi legið bara alveg ágætlega á henni. Hún hafi verið opin og ófeimin að tjá sig og glaðleg og skemmtileg stelpa. Komið vel fyrir, svolítið fullorðinsleg í fasi. Hún hafi talað um það þegar hún hafi greint vinkonum sínum frá þessu. Hún hafi talað um að pabbar eigi ekki að gera svona við börnin sín og komið aðeins inn á einhverjar vangaveltur hjá móður um að mamma hennar hefði haldið að þetta væri kannski bara vondur draumur. En hún hafi sagt þarna í fyrsta viðtalinu að það væri ekki rétt, þetta væri ekki draumur heldur væri þetta satt sem hún hefði verið að segja. Þannig að hún hafi tekið það alveg skýrt fram þarna í fyrsta viðtalinu. Hún hafi talað svolítið um að vera alltaf á fullu, hún reyni að halda sér upptekinni með vinkonum og vinum til þess að fara ekki að hugsa um þetta. Svo hafi hún líka haft miklar áhyggjur af samskiptum sínum við pabba sinn. Hvort hún fengi að hitta hann aftur og þess háttar og það hafi komið fram mikil væntumþykja gagnvart föður. En jafnframt að hún væri sár út í hann út af því sem hefði gerst. Svo hafi líka komið fram þarna svolitlar áhyggjur af því að bróðir hennar hafi orðið fyrir miklu einelti í skólanum og hún hafi haldið að kannski myndi hún lenda í slíku ef þetta myndi fréttast í skólanum. Hún hafi sagt frá því að hún hefði verið í samskiptum við konu eða menn á Skype en hún vissi ekki hvort. Hún sagðist hafa verið með vefmyndavél en þau hefðu bara séð sig en hún engan. Þess vegna hafi hún haldið að kannski gætu þetta alveg eins hafa verið karlmenn eins og konur. Hún hafi sagt að þær hefðu verið að tala við sig um kynlíf og að snerta sig og eitthvað þess háttar. Og að biðja hana um að gera eitthvað slíkt. Hún hafi aðeins komið inn á það. Hún hafi sagt þarna að mamma hennar teldi að þetta hafi bara verið draumur. Um viðtal við brotþola 15. desember sagði vitnið að hún hefði hitt brotþola í skólanum og þá hafi hún verið ofboðslega flöt og týnd. Það hafi verið allt annað fas á henni heldur en í fyrra viðtalinu. Hún hafi verið svolítið eins og hún væri bara alveg ringluð. Alvarleg og svolítið flöt. Þá hafi hún aftur komið inn á þetta með þessa drauma og að mamma hennar hefði sagt henni að fara upp í herbergi og hugsa þetta almennilega, hvort þetta hefði verið draumur eða hvort þetta hefði verið raunverulegt. Hún segðist sjálf eiginlega ekkert vita hvað hún ætti að halda eiginlega. Vitnið og brotþoli hafi farið í gegnum það hvað af þessu hana gæti hafa verið að dreyma. Og hvort það væri eitthvað sem hún teldi sig ekki hafa dreymt. Hafi brotþoli þá nefnt nokkur atriði. Bæði sem gætu hafa orðið til þess að hana dreymdi þetta og svo önnur atriði sem hún hafi ekki getað talið sig hafa dreymt af því að hún hefði enga reynslu af því. Það hefði augljóslega verið búið að ganga svolítið hart að henni með að hugsa þetta. Mamma hennar hefði sagt að ef pabbi hennar hefði gert þetta þá ætti hann auðvitað skilið að fara í fangelsi en ef hann hefði ekki gert þetta þá yrði hún að segja frá því. Hún hafi velt þessu svolítið fyrir sér og verið svolítið ringluð. En það hafi verið þarna samt nokkur atriði sem hún hafi ekki talið sig geta hafa dreymt. Þá aðallega, og það hafi hún sýnt með látbragði og hálf kúgast þegar hún sagði frá því, að hún hafi fengið eitthvað svona ógeðslegt upp í sig og hefði verið að skyrpa því út úr sér og drekka vatn á eftir. Hún sagðist ekki vita hvernig hana hefði átt að geta dreymt það til dæmis.

Vitninu fannst alls ekki að brotþoli hafi verið að draga frásagnir sínar til baka, hún hafi bara sagt að hún væri ringluð, væri að hugsa um þetta og verið með miklar

áhyggjur af þessu öllu saman. Vitninu fannst undarlegt að svona ung stúlka skyldi hafa einhverja þekkingu á því hvernig farið væri með menn í fangelsi sem hefðu gert svona við börn. Hún hafi sagt að þeir væru beittir ofbeldi, þeir væru lamdir í fangelsum og enginn vildi tala við þá og þess háttar. Hún hafi sagt að mamma hennar hefði talað um þetta við sig þegar hún hafi verið að tala um það við hana að pabbi hennar ætti skilið að fara í fangelsi ef hann hefði gert þetta en annars ekki. Og þá hefði hún útskýrt þetta líka fyrir henni. Vitnið tók fram að það væri þjálfað í „forensic interview“ og þekki afskaplega vel hvernig og hvernig á ekki að spyrja börn. Þannig hafi vitnið gætt þess sérstaklega vel, af því að það vissi að þessar vangaveltur og áhyggjur voru í kringum þetta mál. Þannig hafi hún aldrei spurt brotþola neinna beinna spurninga heldur reynt að fá hana til þess að tjá sig á opinn og frjálstan hátt. Um vottorð frá 17. janúar sagði vitnið varðandi samtal við móður brotþola hinn 6. janúar að því hefði þótt það svolítið sérstakt af því að í fyrra skiptið þegar vitnið hitti hana í skólanum hafi verið vangaveltur um hvort þetta væri draumur eða ekki draumur. Þarna hafi hún ekkert komið inn á Skype-samskiptin eða neitt slíkt. En það hafi allt í einu dottið inn þarna í þessu viðtali í janúar. Enda þótt brotþoli væri eiginlega veik hafi mamma hennar viljað koma með hana. Fyrst hafi vitnið talað við mömmu brotþola og þá komið fram miklar áhyggjur af þessum Skype-samskiptum. Mamma brotþola hafi sagst halda það að A... hefði sagt vinum sínum þessa sögu af því að hún hefði skammast sín fyrir það að þetta hefðu verið konur sem höfðu talað við hana á Skype. Hún hafi skammast sín fyrir það, þess vegna hefði hún bent á pabba sinn og að pabbi hennar hefði gert eitthvað. Af því að hún þyrði ekki að segja það að hún hefði verið í samskiptum við konur, það er aðila af sama kyni. Mamma hennar hafi komið inn á þetta í viðtalinu og reyndar inn á fleiri hluti. Hún hafi haft miklar efasemdir um að þetta gæti hafa gerst. Vitnið hafi verið með brotþola í meðferð og ákveðinni vinnu. Farið sé í gegnum ákveðið meðferðarþrógramm með börnunum og vitnið haldið því til streitu. Brotþoli hafi verið að vinna þarna ákveðin verkefni um tilfinningar og slíkt. Þarna hafi hún komið inn á þetta sama og mamma hennar hefði verið að segja við vitnið í viðtalinu rétt á undan. Að hún væri að velta því fyrir sér að hún héldi kannski að hún hefði sagt vinum sínum þetta út af þessum Skype-samskiptum að það hefðu verið konur og hún hefði skammast sín fyrir það. Þá hafi verið fallið frá þessum draumaskýringum og yfir í þessar Skype-útskýringar fannst vitninu. Aðspurt um hvort brotþoli hefði sagt þetta beint sagði vitnið að brotþoli hefði ekki sagt það beint. Hún hafi aldrei gert það með neinum afgerandi hætti heldur haldið að kannski gæti það mögulega verið að svona væri það. Áður hefði hún reyndar talað um að þetta gætu alveg mögulega hafa verið karlmenn, hún héldi það eiginlega að þetta væru frekar karlar heldur en konur. Þeir hefðu verið að þykjast vera konur til þess að fá hana til að tala við sig. Hún hafi talað um jólin og sagt að þau hefðu bara eiginlega ekkert verið með nein jól. Þetta hefði bara verið svona að þau hafi verið í venjulegum fötum og ekki farið í nein jólaföt af því að þau hefðu ekki haft efni á því. Bara borðað venjulega mat sagði hún, hún kom bara inn á það þannig. Þá hefðu þau ekki átt neinn pening. Hins vegar hefði J... sagt vitninu að þau hefðu fengið styrk til að halda jól og fannst vitninu þetta svolítið sérstakt. Um viðtöl 11. og 17. janúar sagði vitnið að í fyrra skiptið hafi hún verið svona svipuð og þegar vitnið hitti hana í skólanum. Hún hafi verið svolítið alvarleg og týnd og náttúrulega nýkomin til frænku sinnar og þetta hafi verið svolítið sjokk að vera tekin af heimilinu og frá mömmu sinni. Hún sagðist hafa orðið hrædd og hún vissi ekkert hvað væri að gerast og vissi ekkert hvað væri í gangi og fannst þetta svolítið erfitt allt saman. Saknaði mömmu sinnar og bræðra sinna og vinkvenna og þyrfti að komast í skólann sem fyrst og svona. Þannig að hún hafi í rauninni verið í svolitlu

sjokki þarna í fyrra viðtalinu og mælst þá með ákveðin kvíðaeinkenni. Síðan í seinna viðtalinu þegar hún hafi verið búin að vera hjá N... í svolítinn tíma hafi hún verið aftur bara eins og þegar vitnið hitti hana þarna í fyrsta skiptið. Bara svona þessi flotta glaðlega stelpa sem hún sé. Þá hafi henni líðið vel. Hún hafi verið búin að vera þarna að fönðra hjá N... og sýnt vitninu afraksturinn og verið mjög glöð og ræðin. Hún hafi haft mikla þörf fyrir að tala um sín áhugamál, það sem henni finnst skemmtilegt, og verið í mjög góðu jafnvægi. Hún hafi verið komin í betra far. En hins vegar hafi hún talað um það að hún yrði að komast á ... sem fyrst. Hún hafi ekki viljað vera lengur í bænum af því að hún hafi viljað komast til vina sinna og komast í skólann sinn og þess háttar. Vitninu fannst athyglisvert að hún hefði ekki nefnt það að hún þyrfti að komast til mömmu sinnar. Hún þyrfti bara að komast á ... en hafi ekki talað um mömmu sína í þessu viðtali. Ekkert hafi komið fram um drauma eða Skype-samskipti frá 11. janúar fram að síðara viðtali eftir að brotaþoli fór af heimili sínu. Hún hafi aðeins rætt málið við vitnið og sagst reyna að hugsa lítið um þetta og reyna að vera bara rosalega upptekin og alltaf með vinkonum og alltaf nóg að gera. En hún hafi komið svolítið inn á þetta í síðasta viðtalinu, í rauninni í síðustu tveimur viðtölunum. Hún vinni öll verkefni og svari. Í fræðslu og slíku þá svari hún eins og hún sé að tala út frá eigin reynslu. Og hún hafi komið aðeins inn á þetta að pabbi hennar hefði gert þetta af því að hann hefði verið í vímu eins og hún orðaði það. Hann hefði verið búinn að drekka bjór, hún hefði séð það. Vissi þá að hann væri í vímu og annars hefði hann örugglega ekki gert þetta, hún nefndi það. Hún hafi ekki talað svo mikið um þetta að öðru leyti. Vitnið kvaðst meta það þannig að þegar brotaþoli sé að svara spurningum og spurningalistum þá sé hún að svara út frá sinni eigin reynslu. Vitnið er spurð um hvaða áhrif það geti haft á 11 ára gamalt barn í svona aðstæðum að það hafi verið velta fyrir sér hvort það gæti verið að dreyma eða hvort hún gæti hafa skammast sín. Hún lýsi jólunum þannig að það hafi ekki verið nein jól af því að það hafi ekki verið til peningar. Mamma hennar sé að sögn brotaþola búin að nefna við hana hvernig hugsanlega sé farið með menn í fangelsi. Vitnið svarar því til að það sé gríðarlega erfitt fyrir börn að segja frá kynferðislegu ofbeldi. Það sé erfitt fyrir ung börn að segja frá kynferðislegu ofbeldi þegar meintur gerandi sé svona mikið skyldur barninu. Þá hafi rannsóknir sýnt að það sem skipti mestu máli sé stuðningur frá „non abusive parent“ því foreldri sem sé ekki grunað um ofbeldið. Það sé náttúrulega þekkt að börn sem fá ekki þann stuðning lendi í miklum vandræðum, bæði hollustuvanda af því að börn eru foreldrum sínum mjög holl og ríkt í þeim að þóknast foreldrum sínum, auk þess sem það hafi náttúrulega mikil áhrif á batahorfur barnsins. Þá hafi líka rannsóknir sýnt að börnum sem njóti ekki stuðnings frá foreldri sínu gangi verr í meðferðum og þeim gangi verr þegar til framtíðar er lítið. Vitnið hafi haft áhyggjur vegna þessa. Móðir brotaþola hafi að vísu sagt við vitnið að hún trúi stelpunni og að hún vilji trú henni og vilji standa með henni. Móðirin viti ekki alveg í hvorn fótinn hún sjálf eigi að stíga. Því að vera ekki trúað og vera tekin af heimilinu sé álag fyrir brotaþola. Vitnið var spurt um þá lýsingu brotaþola að henni þyki vænt um föður sinn og líði vel með honum og svo að henni líði illa yfir því sem hann hafi gert dóttur sinni og að hana langi ekki til þess að hann geri þetta við hana. Vitnið sagði að þetta séu mjög eðlileg viðbrögð, mjög eðlilegar tilfinningar og mjög eðlilegt fyrir barn að finna fyrir þessum blendnu tilfinningum, sem sagt væntumþykjunni, að sjálfsgöðu af því að þetta er pabbi hennar. Henni þyki hann ofsalega skemmtilegur og hún hafi talað um að hafa gert marga skemmtilega hluti með honum og finnst hann almennt góður við sig. Það sé nú bara þannig með börn sem verði fyrir kynferðisofbeldi að ekki sé þar með sagt að þau fari að sýna einhverjar neikvæðar tilfinningar gagnvart þeim aðila

sem brýtur gegn þeim, alls ekki. En hins vegar eins og hún hafi nefnt í viðtalinu við vitnið líka væri hún sár út í hann að hafa gert þetta og svona ættu pabbar ekki að gera við börnin sín og þess háttar. En það hafi engin reiði verið gagnvart pabba, hún sé ekkert reið út í pabba sinn og ekkert sem bendi til þess að hún sé að segja þetta af því hún sé í einhverri fýlu út í pabba sinn eða hann hefði gert eitthvað sem hún hefði orðið fúl út af. Það sé ekkert slíkt. Börn sem verði fyrir kynferðislegu ofbeldi séu ekkert bara alltaf innilokuð inni í herbergi grátandi. Þetta séu bara börn eins og öll önnur börn og það sé einmitt þess vegna sem kannski sé oft erfitt að átta sig á því hvaða börn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi vegna þess að þau fari bara í skólann og þau fari bara að leika sér með vinum og það sé bara mjög eðlilegt. Það sé ekkert sem aðgreini þessi börn frá öðrum börnum hvað það varði. Þannig að það sé alls ekkert óeðlilegt að hún sé bara að leika sér við sína vini. Það sé líka í rauninni kannski ákveðin tegund af forðun, það að forðast að vera ein vegna þess að þegar maður sé einn komi hugsanirnar og tilfinningarnar og minningarnar. Þannig að í rauninni leiti hún þá bara ennþá meira í að vera með vinum sínum og hafa alltaf eitthvað fyrir stafni. Og þetta valdi þessari stelpu töluverðri streitu og kvíða jafnvel. Hún reyni einmitt að hafa alltaf eitthvað fyrir stafni. Um samskipti á netinu sagði vitnið að meðal barna sem hafi sætt kynferðislegu ofbeldi sé þekkt að þau sýni kynferðislega hegðun að einhverju tagi í kjölfarið. Þessi samskipti geti allt eins flokkast undir slíkt. Að það séu í rauninni afleiðingar kynferðisbrots að brotþoli sýni ákveðið markaleysi og hömluleysi í svona samskiptum á netinu í kjölfarið. Hún hafi tekið það skýrt fram við vitnið, í fyrsta viðtalinu að það hélt, að þessi samskipti hafi verið eftir að það gerðist sem hún segir að pabbi hennar hafi gert. Þessi börn séu útsettari fyrir slíkum samskiptum á netinu sérstaklega. Af því að það sé búið að brjóta gegn þeim, þau geti farið að hafa áhuga á einhverju kynferðislegu og svarað á kynferðislegan hátt svona samskiptum á netinu. Þau séu útsettari en önnur börn, sem maður myndi þá sjá kannski strax í gegnum, og segja bara nei og fara og slökkva. Þau halda frekar áfram. Eiga erfðara með að setja skýr mörk. Um það sem fram kemur um að brotþoli hafi viljað segja föður sínum frá því að hún ætlaði að segja mömmu sinni frá brotinu sagðist vitnið ekki geta sagt neitt um þessi viðbrögð en sjái ekkert óeðlilegt við þau, líka í ljósi þess að hún sé almennt séð ekki hrædd við pabba sinn og ekki með neina reiði gagnvart honum eða slíkt. Vitnið kvað brotþola í rauninni sýna fjölmörg einkenni barna sem brotið hefur verið gegn, en allt þetta hafari kringum hana, þetta með að vera tekin af heimili og að hún fer til frænku sinnar og svo til vistfjölskyldu, hafi tafið greiningarferli og þar af leiðandi hafi ekki verið forsenda til að greina vanda hennar sem tengist kynferðisbrotinu út af fyrir sig. Vitnið hafi ekki getað lagt fyrir hana áfallastreituröskunarpróf. Hún sé að komast í tilfinningalegt jafnvægi þannig að vitnið reiknaði með að geta farið að leggja betri greiningu og mat á hennar vanda. En það sem hafi kannski komið fyrst og fremst fram sé einmitt þessi forðun, hún sé að halda sér svo upptekinni að hún verði alltaf einhvern veginn að vera á fullu. Og síðan sé hún farin að sýna einhver kvíðaeinkenni sem gætu líka verið tilkomin bara út af því að hún sé að stressa sig upp. Hún hafi undanfarið verið kvíðin í skólanum og kvíðin gagnvart því að fara í frímínútur og slíkt. Þannig að það sé að koma í hana einhver meiri kvíði. Síðan sé þessi kynferðislega hegðun, hún hafi mikinn áhuga á strákum og segist eiga kærasta í skólanum og hún hugsði mikið um slíkt. Um stráka og þess háttar, hún sé kannski svolítið ung. En annars sé hún ekki þunglynd eða neitt slíkt en hún sé svolítið viðkvæm. Hún sé mjög pirruð. Það þurfi lítið til að pirra hana, þannig að hún sé viðkvæm fyrir áreitum í umhverfinu og það geti verið það sem sé að gerast í skólanum núna. Að hún sé allt í einu orðin viðkvæmari fyrir áreitum þar og fari að fá svona magaverki og í rauninni dæmigerð

kvíðaeinkenni, magaverki, verki í háls. Hún hafi upplifað þessar sömu tilfinningar líka þegar hún hafi farið í læknisskoðunina í Barnahús, læknisskoðunin hafi setið svolítið í henni. Hún segi það sjálf að hugsanir komi á kvöldin, þegar hún sé að fara að sofa, þá fari hún að hugsa og hún hafi áhyggjur af þabba sínum og fari stundum að gráta þegar hún hugsi um hvort hún eigi eftir að sjá hann aftur og slíkt. Vitnið sagði að það sé ekkert sem það geti séð sem sé sameiginlegt með máli brotþola og þeirra barna sem séu að segja ósatt um svona mál. Vegna þess að vitnið hafi ekki getað fundið neina „motivation“ fyrir hana að koma fram með svona frásögn. Hún sé félagslega vel stödd, hún eigi marga vini, hún sé ekki einangruð eða félagslega illa stödd. Það sé ekki í gangi nein forræðisdeila, hún sé ekki með neinar neikvæðar tilfinningar gagnvart þabba sínum, það sé ekkert sem vitninu hafi fundist að hún sé að sækja í, einhverja athygli eða neitt slíkt. Þannig að vitnið hefur ekki fundið neitt sammerkt með þessu máli og málum þar sem fram koma rangar frásagnir, enda sé hún mjög ung. Hún sé ekki nema 11 ára gömul. Það sé þekkt í Barnahúsi að það séu þá frekar unglingsstúlkur sem séu í einhverjum félagslegum erfiðleikum eða þá yngri börn og þá sé það yfirleitt í tengslum við forræðisdeilur. Spurð um tilfinningalega flatneskju sagði vitnið að tilfinningaþroski brotþola væri ekkert mjög góður. Hún þekki fáar tilfinningar. Þetta sé ekki einkenni um kynferðisbrot heldur eðlilegt miðað við aldur hennar. Með því að segja að hún sé flöt sé átt við að hún sé dofin. Aðspurð um hvort það að brotþoli var alvarleg í fasi og flöt hafi ekki getað stafað af því að hún hefði borið rangar sakir á föður sinn og ekki fengið færi á að draga í land og komast á báðar lappir aftur, sagði vitnið að í undanfögnu viðtölum við hana, sérstaklega síðast og þar síðast eftir að hún hafi farið í vistun á ..., og sé hjá góðu fólki sem henni líði vel hjá, þá hafi hún ekkert talað um það að þetta hafi verið draumur eða það hafi verið út af Skype-inu. Þá hafi ekkert komið fram í þeim viðtölum sem bendi til þess að henni líði eitthvað illa út af því að hún hafi verið tekin af heimilinu eða neitt slíkt.

Vitnið Á... kom fyrir dóm hinn 3. apríl sl. Hún sagði frá því að hinn 28. mars 2012 hefði hún hitt brotþola hjá námsráðgjafanum í ... en hún hafi ætlað að eiga viðtal við brotþola. Hafi hún verið grátandi, hún hefði rekið tána í eða eitthvað. Hún hafi hjúfrað sig upp að vitninu og brostið í mikinn grát eða ekka. Vitnið kvað viðbrögð hennar hafa verið mikil miðað við tilefnið. Hún sagði að viðmót hennar gagnvart sér hefði verið mjög jákvætt og fljótlega hefði myndast með þeim traust og gott meðferðarsamband. Í viðtölum sem hún hefði átt við hana í marsmánuði 2012 hafi hún aldrei dregið neitt í land. Hún hafi unnið verkefni sem vitnið lagði fyrir hana sem sé hluti í áfallamiðaðri hugrænni atferlismeðferð. Vitnið kvað brotþola aldrei hafa nefnt SPHKLM leik í viðtölum þeirra.

Vitnið I..., yfirfélagsráðgjafi hjá fjölskyldustofu ..., kvað í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012, tilkynningu hafa komið um kynferðisbrot gegn barni og vitneskja hennar um málið komi frá tilkynningunni sem hafi stafað frá K... námsráðgjafa. Vitnið hafi átt viðtöl við móður brotþola áður en málið var tilkynnt til lögreglu og hefði móðirin verið hissa og hálf orðlaus yfir þessu í upphafi. Hún hafi í fyrstu ekki trúað að þetta gæti hafa gerst en rifjað það fljótlega upp að hún hefði verið erlendis og ákærði verið með börnin heima á meðan. Vitnið hefði ekki rætt við brotþola.

Vitnið I... kom fyrir dóm að nýju hinn 3. apríl sl. Hún sagðist hafa hitt brotþola hinn 14. nóvember sl. Brotþoli hafi verið afslöppuð, sagt að sér liði ágætlega og gengi alveg ágætlega í skólanum. Hafi hún verið eins og venjulegt tólf ára barn. Þá hefði komið fram í samtali þeirra að brotþoli væri að jafna sig af því að lífið hennar hefði verið svolítið leiðinlegt. Það væri út af vandamáli með vinkonu hennar og líka út af því sem pabbi hennar hefði gert við hana. Eða því sem hún hefði sagt frá í Barnahúsi. Vinkonan hefði viljað segja svo mörgum frá því sem pabbi hennar hefði gert. Henni hafi fundist það mjög óþægilegt og vildi ekki að svona margir vissu af þessu.

Vitnið Páll Tryggvason barnalæknir og barna- og unglíngageðlæknir kom fyrir dóminn hinn 3. apríl sl. Frá vitninu stafar álitgerð sem aflað var að tilhlutan verjanda og lögð var fram í þinghaldi hinn 14. mars sl. Hann staðfesti skýrslu þessa og í framburði hans kom fram að svo sem segi í skýrslu hans hafi brotþoli verið í leik sem þær hafi verið vanar að leika. Hann hafi farið í ákveðinn farveg í þessu tilviki og er röðin kom að henni hafi hún sagt ákveðinn hlut og síðan hafi þetta spunnist orð af orði og þegar hún blandi föður sínum svo inn í þetta hafi hún greinilega verið undir áhrifum af því sem hafði orðið þarna í netheimum. Þá sagði hann að þessi samskipti á netinu hefðu verið lengi og verið mjög kynferðisleg. Þannig hafi hann ekki séð neitt sem gefið hafi honum tilefni til þess að draga í efa hennar lýsingu og hennar fullyrðingar hvernig hún hefði blandað þessu tvennu saman. Hann hafi einungis verið að leggja mat á þau gögn sem hann hafi haft og það viðtal sem hann hafi átt við stúlkuna og hvernig hún hafi sagt sína sögu.

Vitnið Þ... lögreglufulltrúi staðfesti skýrslu sína um aðgerðir lögreglu svo og vitnið R... lögregluvarðstjóri í skýrslum fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012. Vitnið R... sagði að í fyrri skýrslu sem hann tók af móður brotþola hafi henni greinilega verið mjög brugðið og lagt inn kæru vegna brotþola. Í síðari skýrslunni hafi hún verið búin að breyta afstöðu sinni þannig að hún hafi ekki lengur trúað á kæratriðin. Vitni þessi komu að nýju fyrir dóm hinn 3. apríl sl. en ekki þykir þörf á að rekja framburð þeirra hér.

Í framburði vitnisins Ý... leikskólastjóra hinn 22. febrúar 2012 kom fram að þessa umræddu daga hafi starfsmenn hjá vitninu ekki verið nógu öruggir um hvernig ástandið á ákærða hafi verið er hann sótti barn sitt. Þá hafi vitnið sett í gang plön innan stofnunarinnar um hvernig brugðist skyldi við í slíkum tilvikum.

Vitnið Æ..., faðir ákærða, sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012 að samband sitt við brotþola hafi alltaf verið mjög gott. Brotþoli væri mjög vel gefin og glaðlynd og mjög elskuleg stelpa. Hann hafi ekki séð neina breytingu á

henni er hún kom í heimsókn í desember en ákærði hafi þá verið kominn í gæsluvarðhald.

Vitnið Ö... bar í skýrslu sinni hinn 22. febrúar 2012 að hún hefði passað yngri syni ákærða á kvöldin í ein þrjú ár. Hún hafi passað sl. vor í maí, júní og ákærði þá verið heima með börnin. Þetta hafi verið utan skólatíma, um klukkutíma til tvo tíma í senn. Ákærði hefði aldrei leitað á vitnið og það hefði alltaf átt góð samskipti við ákærða og B....

Vitnið N..., afasystir brotaþola, sem hafði brotaþola í fóstri frá 6. til 20. janúar 2012, sagði í skýrslu sinni fyrir dómi hinn 22. febrúar 2012 að hún hefði þekkt brotaþola frá því hún fæddist. Hún sé mikið í uppáhaldi hjá sér og fin stelpa, dugleg og góð. Yndisleg. Hegðun hennar hefði verið eins og hún hefði ávallt verið. Hún hafi verið veik, með hálsbólgu og hita en svo hafi það gengið yfir og hún bara verið hress og fin og ekkert í fari hennar öðruvísi en áður. Brotaþoli sé mjög dugleg líka í skóla og mjög sterk félagslega. Hún eigi fullt af vinkonum og sé bara mjög góð og fin og hafi verið það alla tíð. Hún sé svolítið stríðin. Vitnið hafi ekkert rætt meint brot við brotaþola.

Vitnið N... kom fyrir dóminn að nýju hinn 3. apríl sl. Hún kvað brotaþola ekki hafa reynt að draga ásakanir á hendur föður sínum til baka.

Vitnið O..., fósturmóðir brotaþola, kvað hana hafa verið fína og dásamlega eftir að hún kom í fóstrið og engir brestir þar á. Hún gleymi sér stundum úti og komi heim klukkan hálf sjö í stað sex en það sé ekkert alvarlegt. Hún fái engin köst hjá fósturfjölskyldu sinni. Vitnið kvaðst ekki sjá neitt óeðlilegt í fari stúlkunnar. Hún kvað móður brotaþola hafa komið tvisvar í heimsókn en hún komi annan hvern laugardag og megi vera þrjú tíma í senn. Hún hafi stoppað í um klukkutíma í fyrra skiptið en þrjú kortér í hið seinna. Vitnið sagði að henni virtust mæðgurnar ekki vera nánar.

Vitnið O... kom fyrir dóminn að nýju 3. apríl sl. Hún kvað brotaþola ekkert hafa rætt málið við sig en hafa komið til sín stuttu eftir að hún fór úr fósturinu og þá ekki liðið vel en viljað fá knús.

Vitnið Ó..., fósturfaðir brotaþola, sagði brotaþola vera vel gerða stúlku og hann tæki eftir því að hún væri orðin öruggari hjá þeim og glaðari. Hann upplifi samskipti mæðgnanna sem frekar stirð.

Vitnið Í... kom fyrir dóminn hinn 3. apríl sl. hún kvaðst hafa þekkt brotþola í rúmlega eitt ár. Hún hafi verið í níunda bekk en brotþoli í sjötta bekk. Þær hafi stundum talað saman í skólanum. Þá hafi systir hennar, P... sem sé á sama aldri og brotþoli einnig verið með þeim. Þær hafi rætt kynlíf og kynferðisleg málefni. Brotþoli hefði verið að segja vitninu frá því sem hefði gerst. Brotþoli hafi sagt vitninu að hún hefði logið því og verið að gera eitthvað kynferðislegt á Skype með einhverjum strák. Hún hafi fyrst sagt henni að pabbi sinn hefði nauðgað henni en sagt svo daginn eftir að það væri plat. Hún hafi sagt vitninu að hún væri hrædd við að segja mömmu sinni frá því sem hún gerði á netinu. Hún sagði að áður en þetta var hefðu þær ekki rætt um kynferðisleg mál en vera kynni að systir hennar hefði rætt það við brotþola. Það hafi verið í ágúst september sem þessi samskipti áttu sér stað.

NIÐURSTADA

Ákærða er í ákæru gefið að sök að hafa, er dóttir hans var 10 ára að aldri, ítrekað látið telpuna afklæðast, í fjögur aðgreind skipti látið hana sjúga á sér kynfærin uns hann hafði sáðlát í munn hennar. Í þrjú aðgreind skipti sleikt á henni kynfærin, í eitt skipti reynt að hafa við hana endaparmsmök með því að smyrja endaparminn með vökva eða sleipiefni, leggja kynfærin upp að beru endaparmsopi hennar og reynt að stinga þeim þar inn, og með því að hafa að minnsta kosti í tvö aðgreind skipti þreifað með höndunum á berum brjóstum hennar og jafnframt að hafa þá og í nokkur önnur skipti á sama ári spurt hana hvort brjóstin á henni væru að stækka. Ákærði neitar sök og ber á móti því að hann hafi verið einn með brotþola þannig að atvik hafi getað orðið með þeim hætti sem hún ber. Hefur framburður hans um þetta verið eindreginn frá upphafi rannsóknar til þessa.

Brotþoli gaf ítarlega skýrslu um atvik í Barnahúsi hinn 30. nóvember 2011, þar sem hún lýsti því að faðir hennar hefði brotið gegn henni með þeim hætti sem greinir í ákæru. Kemur fram í matsgerð Önnu Kristínar Newton svo og framburði hennar fyrir dómi sem rakinn er hér að framan að hún teldi þann framburð brotþola trúverðugan. Þá kom fram í framburði Bernard Lauth sem rakinn er hér að framan að hann væri sammála niðurstöðu Önnu um þetta og að stúlkan væri mjög hænd að móður sinni. Hins vegar höfðu vitni þessi ekki séð skýrslu stúlkunnar frá 19. mars sl. þar sem hún dró fyrri framburð sinn til baka.

Á hitt verður að líta hér að brotþoli gerði mynddisk hinn 28. mars 2012 sem nú hefur verið lagður fram fyrir dómi þar sem hún segir m.a. að skýrsla hennar í Barnahúsi væri röng. Þá kom hún fyrir dóm hinn 19. mars sl. og sagði mjög ákveðið að hún hefði borið föður sinn röngum sökum í fyrrgreindri skýrslu í Barnahúsi og skýrði hvers vegna hún hefði gert það. Lýsti hún þar tilraunum sínum til þess að leiðrétta frásögn sína frá því í Barnahúsi og sagði að enginn hefði viljað taka hana trúanlega. Kemur og fram í gögnum málsins að brotþoli og móðir hennar höfðu samskipti á „Facebook“ hinn 21. janúar 2012 er brotþoli var í föstri, þar sem brotþoli kvað móður sína ekki hafa fengið hana til að breyta sögu sinni.

Dómurinn lítur svo á að gegn eindreginni neitun ákærða og að teknu tilliti til þess að brotþoli hefur í þinghaldi 19. mars sl. eindregið dregið fyrri framburð sinn til baka og gefið á því skýringar hvers vegna hún gerði það ekki fyrr, hafi ekki verið færðar viðhlítandi sönnur á, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæru og verður hann því sýknaður.

Með vísun til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 er skaðabótakröfu brotþola vísað frá dómi.

Sakarkostnaður skal greiddur úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun verjenda ákærða og þóknun réttargæslumanns brotþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Arnfríði Einarsdóttur og Arngrími Ísberg héraðsdómurum.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X..., er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Skaðabótakröfu brotþola er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður að fjárhæð 6.702.157 krónur skal greiddur úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun verjenda ákærða, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 3.600.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk ferðakostnaðar að fjárhæð 131.046 krónur og útlagðs matskostnaðar að fjárhæð 390.000 krónur. Einnig eru með talin málsvarnarlaun Einars Huga Bjarnasonar hdl., 1.069.965 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gunnhildar Pétursdóttur hdl., að fjárhæð 750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Allan Vagn Magnússon

Arnfríður Einarsdóttir

Arngrímur Ísberg